

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2008/EES/25/01		Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 1/2006/SC frá 27. apríl 2006 um endurskoðun sem fara skal fram á verkefnum sem kostuð eru af Fjármagnskerfi EES (2004–2009) . . .	1
2008/EES/25/02		Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 1/2007/SC frá 25. október 2007 um breytingu á ákvörðun fastanefndarinnar 5/2004/SC um reglu til að ákveða skiptingu kostnaðar vegna fjármagnskerfis EES	3
2008/EES/25/03		Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 3/2007/SC frá 6. desember 2007 um aðgang almennings að skjölum EFTA og niðurfellingu á ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 3/2005/SC	4
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2008/EES/25/04		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 298/05/COL frá 22. nóvember 2005 um tillögu að mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum í tilteknum atvinnugreinum (NOREGUR)	10
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2008/EES/25/05		Dómur dómstólsins frá 14. desember 2007 í máli E-3/07 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu	32
2008/EES/25/06		Dómur dómstólsins frá 14. desember 2007 í máli E-5/06 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein	33
2008/EES/25/07		Beiðni Borgarting lagmannsrett um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Olga Rindal gegn undanþágu- og áfrýjunarnefnd vegna meðferðar erlendis fyrir hönd norska ríkisins (mál E-11/07)	34
2008/EES/25/08		Beiðni Oslo tingrett um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Therese Slinning gegn undanþágu- og áfrýjunarnefnd vegna meðferðar erlendis fyrir hönd norska ríkisins (mál E-1/08)	35

2008/EES/25/09	Dómur dómstólsins frá 21. febrúar 2008 í máli E-5/07 – Private Barnehagers Landsforbund gegn Eftirlitsstofnun EFTA	36
2008/EES/25/10	Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn íslenska ríkinu sem lögð var fram 21. febrúar 2008 (mál E-2/08)	37
2008/EES/25/11	Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn íslenska ríkinu sem lögð var fram 21. febrúar 2008 (Mál E-3/08)	38
III EB-STOFNANIR		
1. Ráðið		
2. Framkvæmdastjórnin		
2008/EES/25/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.4989 – Álö/MX) . . .	39
2008/EES/25/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5047 – REWE/ADEG)	40
2008/EES/25/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5075 – Vienna Insurance Group/EBV)	41
2008/EES/25/15	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5088 – Scholz Recycling/ERG/ESR) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	42
2008/EES/25/16	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5094 – Nokia/Trolltech)	43
2008/EES/25/17	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5122 – ArcelorMittal/Borusan) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	44
2008/EES/25/18	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5151 – Boeing/Alenia NA/GA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	45
2008/EES/25/19	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5167 – EMC/Iomega) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	46
2008/EES/25/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.4784 – Suez Environnement/SITA).	47
2008/EES/25/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.4979 – Acer/Packard Bell).	47
2008/EES/25/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.4999 – Heineken/Scottish & Newcastle assets)	48
2008/EES/25/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5012 – 3M/Aearo)	48
2008/EES/25/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5014 – EQT/SAG).	49
2008/EES/25/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5061 – Renault/Russian Technologies/AvtoVaz).	49
2008/EES/25/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5072 – AMSSC/BE Group/JV)	50

2008/EES/25/27	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5084 – PARE/Acea/JV)	50
2008/EES/25/28	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5089 – Domo Chemicals/Carmel Olefins/Domo Propylene JV)	51
2008/EES/25/29	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5092 – GDF/Suez/Teesside Power).	51
2008/EES/25/30	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5104 – Altor Fund II/Papyrus).	52
2008/EES/25/31	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5115 – Englefield/Cognetas/Morrison Utility Services).	52
2008/EES/25/32	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5116 – Total France/S-Oil/Total Isu Oil).	53
2008/EES/25/33	Ríkisaðstoð – Danmörk – Málsnúmer C 5/08 (áður NN 58/07) – Ólöglegir styrkir sem Aarhus Lufthavn A/S hefur veitt Ryanair – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	53
2008/EES/25/34	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (tilkynning um umsókn um framlengingu á sérleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndu kolvetni sem kennt er við „Lavignolle“).	54
2008/EES/25/35	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Rannsóknargeta“ sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni . . .	55
2008/EES/25/36	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Samstarf 2008“ sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni . . .	56
2008/EES/25/37	Auglýst eftir tillögum um aðgerðir á sviði umhverfisverndandi nýsköpunar samkvæmt „rammaáætlun um samkeppnishæfni og nýsköpun“ (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1639/2006/EB).	56
2008/EES/25/38	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlun ársins 2008 fyrir áætlun um stuðning við stefnumótun á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er hluti rammaáætlunar um samkeppnishæfni og nýsköpun (árin 2007 til 2013)	57
2008/EES/25/39	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/10/08 – Aðgerð 4.5 – Auglýst eftir tillögum um verkefni til stuðnings upplýsingastarfi í þágu ungmenna og umsjónarmanna æskulýðsstarfs – Áætlunin „Virk æska“	57

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

ÁKVÖRÐUN FASTANEFNDAR EFTA-RÍKJANNA

2008/EES/25/01

1/2006/SC

frá 27. apríl 2006

um endurskoðun sem fara skal fram á verkefnum sem kostuð eru af Fjármagnskerfi EES (2004–2009)

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

að teknu tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „EES-samningurinn“,

að teknu tilliti til samningsins um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, er nefnist hér á eftir „samningurinn um stækkun EES“⁽¹⁾,

að teknu tilliti til bóknar 38a um fjármagnskerfi EES, sem bættist við EES-samninginn samkvæmt ákvæðum samningsins um stækkun EES,

að teknu tilliti til samnings Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2004–2009⁽²⁾,

að teknu tilliti til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkja 1/2004/SC frá 5. febrúar 2004 um stofnun skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins,

að teknu tilliti til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkja 4/2004/SC frá 3. júní 2004 um skipan nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES

og að teknu tilliti til ákvörðunar nefndar um eftirlitsstofnun og dómstól 15/2005 frá 22. desember 2005 um starfsumboð endurskoðunarnefndar EFTA (með fulltrúum þriggja ríkja).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Endurskoðunarnefndin hefur æðsta úrskurðarvald vegna endurskoðunar sem fram fer á verkefnum sem kostuð eru af Fjármagnskerfi EES fyrir árin 2004–2009 (er nefnist hér á eftir „Fjármagnskerfi EES“). Undir þetta fellur endurskoðun á verkefnum sem unnin eru í styrkrikjunum, á framkvæmd styrkrikjanna á verkefnum og á rekstri Fjármagnskerfis EES. Endurskoðunarnefndin hefur einnig með höndum endurskoðun á rekstri skrifstofu þróunarsjóðanna á Fjármagnskerfi EES.

2. gr.

Í endurskoðunarnefndinni skulu sitja ríkisborgarar EFTA-ríkja sem eiga aðild að EES-samningnum, og skulu þeir eftir því sem kostur er sóttir til æðstu endurskoðunarstofnana EFTA-ríkja. Enginn vafi má leika á sjálfstæði þeirra. Engan starfsmann EFTA má skipa endurskoðanda fyrr en þrjú ár eru liðin frá því að hann lauk störfum hjá einhverri af stofnunum EFTA.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 11, og EES-viðbætur nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 81, og EES-viðbætur nr. 23, 29.4.2004, bls. 58.

3. gr.

Þeir, sem sitja í endurskoðunarnefndinni og sinna endurskoðun í samræmi við 1. gr., skulu vera hinir sömu og skipaðir eru samkvæmt ákvörðun nefndar um eftirlitsstofnun og dómstól 15/2005 frá 22. desember 2005 og sitja jafnlengi og þar er kveðið á um.

4. gr.

Nefndarmenn endurskoðunarnefndarinnar skulu njóta fullkomins sjálfstæðis í störfum sínum.

5. gr.

Þeir, sem sitja í endurskoðunarnefndinni, skulu hafa náði samstarf við þann eða þá sem falið hefur verið að sinna samsvarandi endurskoðun á þróunarsjóði Norðmanna fyrir árin 2004–2009 þegar kemur að endurskoðun á starfsemi sem fellur undir báða þróunarsjóðina.

6. gr.

Útgjöld vegna viðeigandi og hæfilega umfangsmikillar endurskoðunar, af því tagi sem um getur í 1. gr., skulu greidd af rekstrarfé Fjármagnskerfis EES. Fastanefndin ákveður fjárveitingu í þessum tilgangi að fenginni tillögu endurskoðunarnefndarinnar og samkvæmt tilmælum nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES.

7. gr.

Endurskoðunarnefndinni er heimilt að kveðja sér til aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga. Slikir utanaðkomandi sérfræðingar verða að fullnægja sömu skilyrðum um sjálfstæði og virða sömu kvaðir um samstarf samkvæmt 5. gr. og nefndarmenn sjálfir.

8. gr.

Endurskoðunarnefndin heyrir undir fastanefnd EFTA-ríkjanna að því er varðar endurskoðun samkvæmt 1. gr. Hún getur gert tillögur um viðeigandi ráðstafanir.

9. gr.

Endurskoðunarnefndin skal setja sér starfsreglur að því er varðar endurskoðun samkvæmt 1. gr. og leggja þær fyrir fastanefnd EFTA-ríkjanna til staðfestingar.

10. gr.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2006.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra
Formaður

William Rossier
Framkvæmdastjóri

ÁKVÖRÐUN FASTANEFNDAR EFTA-RÍKJANNA

2008/EES/25/02

1/2007/SC

frá 25. október 2007

um breytingu á ákvörðun fastanefndarinnar 5/2004/SC um reglu til að ákveða skiptingu kostnaðar vegna fjármagnskerfis EES

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

að teknu tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „EES-samningurinn“,

að teknu tilliti til bókunar 38a um fjármagnskerfi EES, sem bættist við EES-samninginn samkvæmt ákvæðum samnings um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, og breytt var samkvæmt samningi um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu,

að teknu tilliti til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna 5/2004/SC frá 23. september 2004 um reglu til að ákveða skiptingu kostnaðar vegna fjármagnskerfis EES

og að teknu tilliti til þess að Liechtenstein getur nú tekið saman eigin opinber gögn um verga landsframleiðslu (VLF).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Í stað 6. og 7. mgr. viðauka við ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 5/2004/SC um reglu til að ákveða skiptingu kostnaðar vegna fjármagnskerfis EES komi eftirfarandi:

„6. Tölur um landsframleiðslu, sem liggja til grundvallar útreikningi á framlögum fyrir tiltekið ár t, skulu lagðar fram fyrir 1. febrúar það ár og skulu þær taka til áranna t-4, t-3 og t-2. Að því er varðar Liechtenstein skal miða við síðustu þrjú ár sem gögn liggja fyrir um.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi. Ákvæðum hennar skal beitt fyrst að því er varðar tímabilið 2007–2008.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2007.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra
Formaður

Kåre Bryn
Framkvæmdastjóri

ÁKVÖRÐUN FASTANEFNDAR EFTA-RÍKJANNA

2008/EES/25/03

3/2007/SC

frá 6. desember 2007

um aðgang almennings að skjölum EFTA og niðurfellingu á ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 3/2005/SC

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 3/2005/SC frá 9. maí 2005 um aðgang almennings að skjölum EFTA, en hún fellur úr gildi samkvæmt ákvæðum ákvörðunar þessarar,

með tilliti til hagsmuna almennings af því að hafa greiðan aðgang að skjölum á grundvelli skýrra laga-ákvæða, með fyrirvara um gildandi landslög í aðildarríkjunum,

og með hliðsjón af því að þegar beiðnir um aðgang að skjölum eru teknar fyrir skal beita reglunni um ótakmarkaðan aðgang eftir því sem unnt er.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

EFTA-skrifstofan skal birta almenningi á vefsetri sínu skjölin sem talin eru upp í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

1. Öllum er heimilt að fara fram á aðgang að skjölum í vörslu EFTA-skrifstofunnar er varða Evrópska efnahagssvæðið (og nefnast „skjöl“ í því sem hér fer á eftir), hvort sem um ræðir eigin skjöl skrifstofunnar eða skjöl sem henni hafa borist.

2. Veita skal aðgang að skjali nema því aðeins að ákvæði eftirfarandi greina hindri það.

3. gr.

1. Synja skal um aðgang að skjali þegar sýnt er að með afhendingu þess yrði grafið undan:

- almanahagsmunum að því er varðar almannaoöryggi, landvarnir og hernaðarmál, milliríkja-samskipti eða fjármála-, peninga- eða efnahagsstefnu EFTA-ríkis,
- verndun einkalífs og persónuvernd, einkum að því er varðar gildandi landslög í EFTA-ríkjunum á sviði meðferðar persónuupplýsinga.

2. Synja skal um aðgang að skjali þegar sýnt er að með afhendingu þess yrði grafið undan:

- viðskiptahagsmunum einstaklinga eða lögaðila, að meðtöldum hugverkaréttindum,
- dómsmálum eða lögfræðilegri ráðgjöf,
- markmiði eftirlits, athugana eða endurskoðunar.

3. Synja skal um aðgang að skjali, sem ritað hefur verið til notkunar innan stofnunarinnar og varðar málefni sem enn bíður ákvörðunar, þegar sýnt er að með afhendingu þess yrði grafið undan ákvörðunarferlinum.

4. Synja skal um aðgang að skjali, sem hefur að geyma álitsgerðir til notkunar í umræðu og undirbúningssamráði innan stofnunarinnar, þegar sýnt er að með afhendingu þess yrði grafið undan ákvörðunarferlinum enda þótt ákvörðun hafi þegar verið tekin.

5. Þegar kemur að utanaðkomandi skjölum sem berast EFTA-skrifstofunni skal leitað til upphafsaðila skjalsins í því skyni að meta hvort rétt sé að beita undantekningarákvæðum 1. og 2. mgr., nema fyrir liggi að heimilt eða óheimilt sé að afhenda skjalið.

6. Þótt synjað hafi verið um aðgang að skjali skv. 2.–4. mgr. hér á undan skal engu að síður veita slíkan aðgang, í heild eða að hluta, ef EFTA-ríkin eru sammála um að ríkir almannahagsmunir liggi til þess.

4. gr.

Sérhvert EFTA-ríki getur farið þess á leit við EFTA-skrifstofuna að skjöl, sem það hefur sent skrifstofunni, verði ekki afhent nema að fengnu samþykki þess ríkis.

5. gr.

Ef sótt er um aðgang að skjali, sem fellur aðeins að hluta til undir ofangreindar undantekningar, skal afhenda aðra hluta þess skjals.

6. gr.

1. Umsóknir um aðgang að skjali skulu vera skriflegar eða rafrænar, ritaðar á ensku og hafa að geyma nægilega nákvæmar upplýsingar til að EFTA-skrifstofan geti fundið skjalið.

2. Ef umsókn er ekki nægilega nákvæm skal EFTA-skrifstofan biðja umsækjanda að skýra umsóknina og gera honum það auðveldara meðal annars með því að senda honum upplýsingar samkvæmt 11. gr.

3. Ef umsóknin varðar afar langt skjal eða mikinn fjölda skjala er EFTA-skrifstofunni heimilt að ráðgast við umsækjanda með óformlegum hætti í því skyni að leita sanngjarnrar niðurstöðu.

7. gr.

1. Allar umsóknir um aðgang að skjali skulu teknar fyrir án tafar. Umsækjanda skal send mottökustaðfesting.

2. EFTA-skrifstofan skal senda EFTA-ríkjunum umsóknina til samþykkis, nema fyrir liggi að EFTA-ríkin myndu synja umsókninni eða samþykkja hana. EFTA-ríkin skulu taka ákvörðun án ónaúdsynlegra tafa.

3. Þegar EFTA-skrifstofunni berast svör EFTA-ríkjanna skal hún annaðhvort tilkynna umsækjanda að honum sé heimill aðgangur að skjalinu og veita þann aðgang í samræmi við ákvæði 10. gr. eða senda honum skriflegt svar með skýringum á því hvers vegna synjað hafi verið um aðgang, að fullu eða að hluta til, og greina honum frá rétti sínum til að vísa úrskurðinum til fastanefndar EFTA-ríkjanna.

4. Reynist EFTA-skrifstofunni ókleift að svara umsækjanda innan 12 virkra daga frá því að umsókn hans var skráð skal honum tilkynnt skriflega að svarið muni dragast og hvenær ákvörðun sé að vænta. Greina skal umsækjanda frá rétti sínum til að vísa umsókninni til fastanefndar EFTA-ríkjanna hafi svar ekki borist innan hæfilega langs tíma.

5. Sé umsækjanda synjað um aðgang að skjali, að fullu eða að hluta til, hefur hann 15 virkra daga frest til að vísa umsókninni til fastanefndar EFTA-ríkjanna.

6. Berist umsækjanda ekki svar frá EFTA-skrifstofunni innan hæfilega langs tíma frá því að umsókn hans var skráð er honum heimilt að vísa umsókninni til fastanefndar EFTA-ríkjanna.

8. gr.

Umsóknir, sem vísað hefur verið til fastanefndar EFTA-ríkjanna, skulu teknar fyrir án tafar. Sé umsækjanda synjað um aðgang að skjali, að fullu eða að hluta til, skal senda honum skriflegt svar með skýringum á því hvers vegna synjað hafi verið um aðgang.

9. gr.

Þótt tiltekið skjal hafi verið flokkað sem trúnaðarskjal eða skjal með takmörkuðum aðgangi (á ensku *Strictly confidential*, *Confidential* eða *Restricted*) merkir það ekki að óheimilt sé með öllu að veita almenningsi aðgang að skjalinu síðar.

10. gr.

1. Umsækjandi skal annaðhvort hafa aðgang að skjölum á staðnum eða fá afhent afrit, og þá rafrænt afrit ef það er tiltækt. Heimilt er að innheimta afritunar- og sendingarkostnað hjá umsækjanda. Gjaldið, sem innheimt er, má ekki vera hærra en sem nemur afritunar- og sendingarkostnaði. Ekkert gjald skal innheimt fyrir skjöl sem eru skoðuð á staðnum, afrit sem eru styttri en 20 síður í A4-broti og beinan rafrænan aðgang þegar honum er til að dreifa.

2. Ef skjal hefur þegar verið birt opinberlega á vegum EFTA-skrifstofunnar og umsækjandi hefur þannig greiðan aðgang að því er EFTA-skrifstofunni heimilt að fullnægja þeirri skyldu sinni að veita aðgang að skjölum með því að vísa umsækjanda á skjalið.

11. gr.

1. EFTA-skrifstofan skal halda opinbera skrá um skjöl er verða til hjá skrifstofunni og varða EES-samninginn. Skráin skal birt á vefsíðum EFTA-skrifstofunnar.

2. Hverju skjali í skránni skal fylgja tilvísunarnúmer, upplýsingar um efnissvið og stutt lýsing á efni skjalsins. Einnig skal skrá daginn sem skjalið barst eða var ritað og hvenær það var fært í skrána. Tilvísunum skal hagað þannig að ekki sé grafið undan þeim hagsmunum sem fjallað er um í 3. gr.

3. Skjöl, sem flokkuð hafa verið sem trúnaðarskjöl (á ensku *Confidential* eða *Strictly confidential*), skulu ekki standa á opinberu skránni nema EFTA-ríkin taki um það sérstaka ákvörðun.

4. Auk þessa skal veita aðgang að skrá um skjöl í vörslu EFTA-skrifstofunnar er varða Evrópska efnahagssvæðið, hvort sem um ræðir eigin skjöl skrifstofunnar eða skjöl sem henni hafa borist, berist beiðni um slíkt.

12. gr.

EFTA-skrifstofan skal vera almenningi innan handar um upplýsingar og aðstoð að því er varðar gerð umsókna og hvert þær skuli sendar.

13. gr.

Ákvörðun þessi gildir með fyrirvara um höfundarréttarreglur sem kunna að takmarka rétt þriðja aðila til að afrita eða nýta skjöl sem birt hafa verið opinberlega.

14. gr.

Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 3/2005/SC frá 9. júní 2005 fellur hér með úr gildi.

15. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. apríl 2008.

16. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

17. gr.

Ákvörðun þessi skal endurskoðuð áður en eitt ár er liðið frá því að hún öðlast gildi.

Gjört í Brussel 6. desember 2007.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra
Formaður

Kåre Bryn
Framkvæmdastjóri

SKJÖL ER VARÐA EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ OG BIRT SKULU ALMENNINGI Á LÝÐNETINU

EES-samningurinn og skyld skjöl EFTA:

- Frumgerð EES-samningsins, samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól og samningsins um fastanefnd EFTA-ríkjanna
- Samningurinn um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins
- Samsteyptur texti EES-samningsins
- Samsteyptur texti viðauka og bókana við EES-samninginn
- Samsteyptur texti samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól
- Samsteyptur texti samningsins um fastanefnd EFTA-ríkjanna

Skjöl sem stofnanir EFTA hafa samþykkt:

- Samþykktar ákvarðanir EES-ráðsins
- Samþykktar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar
 - Ályktanir sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar
 - Ályktanir ráðgjafarnefndar EES
 - Álit ráðgjafarnefndar EFTA
- Athugasemdir EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu

Dagskrár fundar:

- EES-ráðsins
- sameiginlegu EES-nefndarinnar
- undirnefnda sameiginlegu EES-nefndarinnar (að fengnu samþykki framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna)
- fastanefndar EFTA-ríkjanna
- undirnefnda fastanefndar EFTA-ríkjanna
- starfshópa fastanefndar EFTA-ríkjanna
- þingmannanefndar EFTA
- sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar
- ráðgjafarnefndar EFTA
- ráðgjafarnefndar EES

Niðurstöður:

- EES-ráðsins
- fastanefndar EFTA-ríkjanna
- undirnefnda fastanefndar EFTA-ríkjanna
- sameiginlegu EES-nefndarinnar (að fengnu samþykki framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna)
- sameiginlegu undirnefndarinnar (að fengnu samþykki framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna)

Skýrslur:

- þingmannanefndar EFTA
- sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar
- ráðgjafarnefndar EFTA
- ráðgjafarnefndar EES

Skjöl sem gefin eru út í upplýsingaskyni:

- Ársskýrsla sameiginlegu EES-nefndarinnar
- Starfsáætlun ríkisins sem fer með formennsku í EFTA-ráðinu
- Hagskýrslur sem varða EES-samstarfið og hagskýrsluskrifstofa EFTA gefur út
- Skrá um ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar
- Skrá um útistandandi tilkynningar samkvæmt 103. gr. EES-samningsins
- Skrá um ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari er á
- Skrá um EES-lagagerðir eins og þær eru skráðar í Celex, gagnagrunni Evrópusambandsins
- Skrá um drög að EB-löggjöf sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur tekið fram að varði Evrópska efnahagssvæðið

- Skrá um gildandi EB-löggjöf sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur tekið fram að varði Evrópska efnahagssvæðið og EB-löggjöf sem sérfræðingar allra EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, hafa staðfest að varði Evrópska efnahagssvæðið
- Frammistöðumat undirnefnda sameiginlegu EES-nefndarinnar
- Fréttatilkynningar
- Upplýsingablöð EFTA

Þróunarsjóður EES

- Samþykktir og starfsreglur þróunarsjóðs EES
- Leiðbeiningar fyrir þróunarsjóð EES
- Viljayfirlýsingar vegna þróunarsjóðs EES

Þróunarsjóður Norðmanna:

- Samþykktir og starfsreglur þróunarsjóðs Norðmanna
- Leiðbeiningar fyrir þróunarsjóð Norðmanna
- Viljayfirlýsingar vegna þróunarsjóðs Norðmanna

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2008/EES/25/04

298/05/COL

frá 22. nóvember 2005

um tillögu að mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum í tilteknum atvinnugreinum

(NOREGUR)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA ⁽¹⁾ HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum 61. til 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum 24. gr.,

með hliðsjón af 2. mgr. 1. gr. í I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr. og 5. mgr. 7. gr. í II. hluta bókunar 3 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls,

með hliðsjón af leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA ⁽⁴⁾ um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um að hrinda í framkvæmd ákvæðunum sem um getur í 27. gr. í II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

með hliðsjón af dómi EFTA-dómstólsins í máli E-6/98, norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA ⁽⁵⁾,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 172/02/COL frá 25. september 2002 þar sem lagðar eru til viðeigandi ráðstafanir að því er varðar kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum ⁽⁶⁾ og bréfi stjórnvalda í Noregi dagsettu 29. október 2002 þar sem þau fallast á þessar ráðstafanir,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 218/03/COL frá 12. nóvember 2003 um ríkisaðstoð sem er fölgin í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum ⁽⁷⁾,

eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila í samræmi við framangreind ákvæði ⁽⁸⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ Nefnist hér „EES-samningurinn“.

⁽³⁾ Nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

⁽⁴⁾ Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. EB L 231 og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994. Leiðbeiningunum var síðast breytt 17.6.2005. Nefnast hér „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“.

⁽⁵⁾ Mál E-6/98, norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA [1999], EFTA Court Report, bls. 76.

⁽⁶⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 172/02/COL. Allar ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA sem um getur hér á eftir er að finna á vef eftirlitsstofnunarinnar: <http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry>.

⁽⁷⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 218/03/COL, Stjtið. ESB L 145, 9.6.2005, bls. 25, og EES-viðbætur nr. 29, 9.6.2005, bls. 1.

⁽⁸⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 245/04/COL, Stjtið. ESB C 60, 10.3.2005, bls. 9, og EES-viðbætur nr. 11, 10.3.2005, bls. 3.

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól tilkynntu stjórnvöld í Noregi áform sín um að lækka gjaldhlutfall almannatryggingagjalds sem innheimt er hjá fyrirtækjum sem starfa á tilgreindum landsvæðum 2, 3 og 4 í Noregi og í tilteknum atvinnugreinum. Tilkynningin var send með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu, dagsettu 26. apríl 2004, sem hafði að geyma bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins og bréf fjármálaráðuneytisins, bæði dagsett 23. apríl 2004, og barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 27. apríl 2004 (skjalnr. 278992).

Eftirlitsstofnun EFTA ákvað, eftir umtalsverð bréfaskipti og marga fundi með stjórnvöldum í Noregi ⁽⁹⁾, sem helguðust af því að hún átti í verulegum erfiðleikum með að fallast á að hin tilkynnta ráðstöfun samrýmdist 61. gr. EES-samningsins, að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 245/04/COL frá 6. október 2004 um að hefja formlega málsmeðferð vart birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau ⁽¹⁰⁾. Hagsmunaaðilum var gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir.

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 12. nóvember 2004 lögðu stjórnvöld í Noregi fram athugasemdir um ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega málsmeðferð (skjalnr. 299087). Engar athugasemdir bárust frá hagsmunaaðilum.

2. Lýsing á fyrirhugaðri ráðstöfun

a) Aðdragandi

Samkvæmt norskum lögum um almannatryggingar frá 28. febrúar 1997 („*Lov om folketrygd*“) er öllum atvinnurekendum í Noregi skylt að greiða framlög til almannatryggingakerfis landsins. Þessi framlög eru reiknuð af heildarlaunum launþega og eru mismunandi eftir búsetu þeirra. Í þessum tilgangi hefur Noregi verið skipt í fimm landsvæði. Á svæði 1 ⁽¹¹⁾ eru flest svæði í miðju og sunnanverðu landinu og búa þar 76,6% allra íbúa Noregs. Á svæði 2 ⁽¹²⁾ eru þeir hlutar Suður-Noregs sem ekki eru miðsvæðis og búa þar 9,4% landsmanna. Á svæði 3 ⁽¹³⁾ eru helstu fjallhéruð í Suður-Noregi með 2,6% af íbúum Noregs. Svæði 4 ⁽¹⁴⁾ tilheyra nyrsti hluti Suður-Noregs og Norður-Noregur sunnan svæðis 5. Á svæði 4 búa 9,4% íbúa landsins. Svæði 5 ⁽¹⁵⁾ tilheyra nyrstu héruð landsins.

⁽⁹⁾ Sjá nánari upplýsingar um ýmis bréfaskipti Eftirlitsstofnunar EFTA og norskra stjórnvalda í ákvörðun stofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn, ákvörðun 245/04/COL, Stjtið. ESB C 60, 10.3.2005, bls. 9, og EES-viðbætur nr. 11, 10.3.2005, bls. 3.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB C 60, 10.3.2005, bls. 9, og EES-viðbætur nr. 11, 10.3.2005, bls. 3.

⁽¹¹⁾ Á þessu svæði eru öll sveitarfélög sem ekki er getið um á svæðum 2 til 5.

⁽¹²⁾ Á þessu svæði eru: í Norður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Meråker, Frosta, Leksvik, Mosvik, Verran; í Suður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Ørland, Agdenes, Rissa, Bjugn, Rennebu, Meldal, Midtre Gauldal, Selbu; í Mæris- og Raumsdalsfylki sveitarfélögin Vanylven, Sande, Herøy, Norddal, Stranda, Stordal, Rauma, Nesset, Midsund, Sandøy, Gjemnes, Tingvoll, Sunndal, Haram, Aukra, Eide; í Sogn- og Firdafylki öll sveitarfélög; í Hörðalandsfylki sveitarfélögin Etne, Ølen, Tysnes, Kvinnherad, Jondal, Odda, Ullensvang, Eidfjord, Ulvik, Granvin, Kvam, Modalen, Fedje, Masfjorden, Bømlo; í Rogalandsfylki sveitarfélögin Hjelmeland, Suldal, Sauda, Kvitsoy, Utsira, Vindafjord, Finnøy; í Vestur-Agðafylki sveitarfélögin Åseral, Audnedal, Hægebostad, Sirdal; í Austur-Agðafylki sveitarfélögin Gjerstad, Vegårshei, Åmli, Iveland, Evje og Hornnes, Bygland, Valle, Bykle; í Þelamerkurfylki sveitarfélögin Drangedal, Tinn, Hjartdal, Seljord, Kviteseid, Nissedal, Fyresdal, Tokke, Vinje, Nome; í Buskerud-fylki sveitarfélögin Flå, Nes, Gol, Hemsedal, Ål, Hol, Sigdal, Rollag, Nore og Uvdal; í Upplandafylki sveitarfélögin Nord-Fron, Sør-Fron, Ringeby, Gausdal, Søndre Land, Nordre Land; í Heiðmerkurfylki sveitarfélögin Nord-Odal, Eidskog, Grue, Åsnes, Våler, Trysil, Åmot.

⁽¹³⁾ Á þessu svæði eru: í Norður-Þrændalagafylki sveitarfélagið Snåsa; í Suður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Hemne, Snillfjord, Oppdal, Røros, Holtålen, Tydal; í Upplandafylki sveitarfélögin Dovre, Lesja, Skjåk, Lom, Vågå, Sel, Sør-Aurdal, Etnedal, Nord-Aurdal, Vestre Slidre, Øystre Slidre, Vang; í Heiðmerkurfylki sveitarfélögin Stor-Elvdal, Rendalen, Engerdal, Tolga, Tynset, Alvdal, Follidal, Os.

⁽¹⁴⁾ Á þessu svæði eru: í Tromsfylki sveitarfélög sem ekki er getið meðal sveitarfélaga á svæði 5 hér á eftir; í Norðurlandsfylki öll sveitarfélög; í Norður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Namsos, Namdalseid, Lierne, Røyrvik, Namsskogan, Grong, Høylandet, Overhalla, Fosnes, Flatanger, Vikna, Nærøy, Leka; í Suður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Hitra, Frøya, Åfjord, Roan, Osen; í Mæris- og Raumsdalsfylki sveitarfélagið Smøla.

⁽¹⁵⁾ Á þessu svæði eru: í Finnmerkurfylki öll sveitarfélög; í Tromsfylki sveitarfélögin Karlsøy, Lyngen, Storfjord, Kåfjord, Skjervøy, Nordreisa og Kvænangen.

Eftirlitsstofnun EFTA hóf formlega rannsókn á kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum 19. nóvember 1997⁽¹⁶⁾. Hinn 2. júlí 1998 samþykkti stofnunin ákvörðun⁽¹⁷⁾ þar sem hún komst að þeirri niðurstöðu að með kerfinu væru ríkisfjármunir notaðir til að færa tilteknum fyrirtækjum ávinning sem ekki væri hægt að réttlæta á grundvelli almenns eðlis og eiginleika kerfisins, og að sá ávinningur raskaði eða væri til þess fallinn að raska samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu⁽¹⁸⁾. Laga þyrfti kerfið að reglum EES-samningsins.

Hinn 2. september 1998 höfðuðu stjórnvöld í Noregi mál fyrir EFTA-dómstólnum samkvæmt 1. mgr. 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól og fóru fram á ógildingu ákvörðunarinnar frá 2. júlí 1998.

Dómstóllinn vísaði kröfu um ógildingu frá hinn 20. maí 1999⁽¹⁹⁾ og studdi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Dómstóllinn staðfesti að kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum fæli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Til að fara að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2. júlí 1998 lögðu stjórnvöld í Noregi til nýjar reglur um mismunandi almannatryggingagjald eftir héruðum. Hinn 22. september 1999 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA nýju reglurnar tímabundið, þ.e. til 31. desember 2003⁽²⁰⁾.

Hinn 21. desember 2000 ákvað framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að synja um samþykki við styrkakerfi sem stjórnvöld í Svíþjóð höfðu tilkynnt og fól í sér afslátt á almannatryggingagjaldi⁽²¹⁾. Í ákvörðuninni benti framkvæmdastjórnin á að í bréfi dagsettu 27. júlí 2000 hefðu stjórnvöld í Noregi ekki aðeins lagt fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja málsmeðferð í tengslum við sænska málið heldur einnig staðfest að sambærilegt kerfi væri starfrækt þar.

Í ljósi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um sænska styrkakerfið var norska kerfið rætt eftir þetta á nokkrum fundum stjórnvalda í Noregi og Eftirlitsstofnunar EFTA og fundum stofnunarinnar með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Með hliðsjón af því hversu líkt norska kerfið er hinu sænska og til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á EES taldi Eftirlitsstofnun EFTA nauðsynlegt að athuga hvort norska kerfið samrýmdist gildandi reglum og hóf formlega athugun á kerfinu með bréfi til stjórnvalda í Noregi dagsettu 4. júní 2002 (skjalnr. 02-4189 D).

Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðuninni frá 25. september 2002⁽²²⁾ að undanþágan, sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, gæti ekki náð til kerfis mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum og lagði til að gerðar yrðu viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema alla ósamrýmanlega aðstoð sem fælist í kerfinu eða gera það samrýmanlegt EES-samningnum eigi síðar en 1. janúar 2004.

Stjórnvöld í Noregi samþykktu tillöguna að viðeigandi ráðstöfunum með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 29. október 2002, sem barst Eftirlitsstofnun EFTA og var skráð hjá henni 31. október 2002 (skjalnr. 02-7855 A).

Í mars 2003 tilkynntu stjórnvöld í Noregi Eftirlitsstofnun EFTA að veittur yrði þriggja ára frestur, frá 2004 til 2007, til að aðlaga í áföngum gjaldhlutföll almannatryggingagjalds á svæðum 3 og 4 (skjalnr. 03-1846 A). Samkvæmt tilkynningunni yrðu gjaldhlutföllin sem hér segir⁽²³⁾:

⁽¹⁶⁾ Ákvörðun 246/97/COL.

⁽¹⁷⁾ Ákvörðun 165/98/COL.

⁽¹⁸⁾ Nefnist hér EES.

⁽¹⁹⁾ Mál E-6/98, *norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999], skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 76.

⁽²⁰⁾ Ákvörðun 228/99/COL.

⁽²¹⁾ Sjá Stjtið EB L 244, 14.9.2001, bls. 32.

⁽²²⁾ Ákvörðun 172/02/COL.

⁽²³⁾ Fyrirtæki í ákveðnum atvinnugreinum myndu greiða fullt 14,1% hlutfall eins og þau gerðu þá þegar samkvæmt kerfinu sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti með ákvörðun sinni frá 22. september 1999. Stjórnvöld í Noregi tilkynntu stofnuninni einnig þá fyrirætlun sína að halda áfram að beita hlutföllunum fyrir árið 2003 að svo miklu leyti sem það samrýmdist minniháttarreglunni (*de minimis*).

1. tafla

	Hlutfall árið 2003	Hlutfall árið 2004	Hlutfall árið 2005	Hlutfall árið 2006	Hlutfall árið 2007
Svæði 1	14,1	14,1	14,1	14,1	14,1
Svæði 2	10,6	14,1	14,1	14,1	14,1
Svæði 3	6,4	8,3	10,2	12,1	14,1
Svæði 4	5,1	7,3	9,5	11,7	14,1

Með bréfi dagsettu 15. apríl 2003 (skjalnr. 03-2467 A) tilkynntu stjórnvöld í Noregi einnig að kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum yrði áfram við lýði í Norður-Troms og Finnmark (svæði 5). Þessi tilkynning var þó afturkölluð með bréfi sendiherra Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 4. júlí 2003 (skjalnr. 03-4403 A) þar eð EFTA-rikin höfðu, með samhljóða samkomulagi í fastanefnd EFTA-rikjanna hinn 1. júlí 2003 (nr. 2/2003/SC) og með tilvísun til 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, ákveðið að á svæði 5 væri gildandi kerfi samrýmanlegt EES-samningnum vegna óvenjulegra aðstæðna þar.

Í kjölfar formlegrar málsmeðferðar, sem stofnað var til með ákvörðun frá 16. júlí 2003⁽²⁴⁾, og í samræmi við dóm EFTA-dómstólsins í máli E-6/98⁽²⁵⁾ komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að lækkuð gjaldhlutföll á almannatryggingagjaldi á svæðum 2, 3 og 4 fælu í sér ríkisaðstoð. Stofnunin heimilaði hins vegar hinn tilkynnta þriggja ára aðlögunarfrest vegna mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum á svæðum 3 og 4 með ákvörðun 218/03/COL frá 12. nóvember 2003. Eftirlitsstofnun EFTA tók fram í þeirri ákvörðun að væri enginn aðlögunarfrestur veittur myndi hækkun á almannatryggingagreiðslum hafa neikvæð áhrif á atvinnumál. Stofnunin benti á að með afnámi mismunandi hlutfalla almannatryggingagjalds í áföngum á þremur árum dreifðust árlegar útgjaldahækkunar fyrir tækjanna á það tímabil. Aftur á móti hefði tafarlaust afnám núverandi kerfis í för með sér kostnaðarauka sem væri áfall fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki. Ráðlegt virtist að fallast á hæfilegan aðlögunarfrest til að draga úr áfallinu og gefa fyrirtækjunum ráðrúm til að laga sig að nýju efnahagsumhverfi.

b) Lýsing á fyrirliggjandi tilkynntri ráðstöfun um mismunandi almannatryggingagjald eftir héruðum í tilteknum atvinnugreinum

1) Lýsing á helstu einkennum ráðstöfunarinnar

Í apríl 2004 tilkynntu stjórnvöld í Noregi Eftirlitsstofnun EFTA þau áform sín að leggja á almannatryggingagjald í tilteknum atvinnugreinum, frá 1. janúar 2005 að telja og til ótiltekins tíma, í samræmi við hin mismunandi gjaldhlutföll eftir héruðum sem giltu til ársloka 2003 á svæðum 1, 2, 3 og 4. Þessi hlutföll koma fram í 1. töflu hér að framan fyrir árið 2003. Svæði 5 var haldið utan tilkynningarinnar þar sem gildandi hlutfall fyrir það er núll skv. ákvörðun fastanefndar EFTA-rikjanna nr. 2/2003/SC frá 1. júlí 2003.

Hin tilkynnta ráðstöfun mun eingöngu gilda um tiltekna atvinnugreinar sem að sögn stjórnvalda í Noregi búa ekki við samkeppni frá fyrirtækjum í öðrum EES-rikkjum. Stjórnvöld í Noregi staðhæfðu að ekki yrði um nein áhrif á viðskipti að ræða í þeim atvinnugreinum sem nyttu fyrirhugaðrar lækkunar á almannatryggingagjaldi. Því töldu stjórnvöld í Noregi að tilkynnt ráðstöfun fæli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Mat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hversu mikil samkeppnisáhrifin væru byggðist á efnahagsskýrslu sem óháða ráðgjafarfyrirtækið ECON samdi í samstarfi við norska lögfræðistofu (nefnist hér „ECON-skýrslan“). Eftirfarandi skrá yfir atvinnugreinar, sem ekki eru taldar verða fyrir samkeppnisáhrifum frá fyrirtækjum í öðrum EES-rikkjum og falla þar af leiðandi undir hina tilkynntu ráðstöfun, var tekin saman með hliðsjón af matinu í ECON-skýrslunni:

⁽²⁴⁾ Ákvörðun 141/03/COL.

⁽²⁵⁾ Mál E-6/98, norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA [1999], skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 76.

2. tafla

NACE-kóði (¹)	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4
01.300 Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar (blandaður búskapur)	á e.v. (²)	á e.v.	0
22.120 Dagblaðaútgáfa	0/2	0/2	0/2
22.210 Prentun dagblaða	0/2	0/2	0/2
35.111 Smíði og viðgerðir á skipum og skipsskrokkum sem eru yfir 100 brúttótonnum	0/2	0/2	0/2
35.113 Smíði og viðgerðir á skipum sem eru undir 100 brúttótonnum	0/2	0/2	0/2
40.120 Flutningur rafmagns	0	0	0
45.110 Niðurrif bygginga og jarðvegsvinna	0	0	0
45.212 Almenn mannvirkjagerð	0	0	0
45.221 Blikksmíði	á e.v.	á e.v.	0
45.229 Önnur vinna við þök og grindur	á e.v.	á e.v.	0
45.230 Gerð hraðbrauta og þjóðvega, flugvallagerð og smíði íþróttamannvirkja	0	0	0
45.240 Gerð vatnsmannvirkja	0	á e.v.	á e.v.
45.250 Önnur mannvirkjagerð sem krefst sérhæfingar	0	0	0
45.310 Vinna við raflagnir	0	0	0
45.320 Vinna við einangrun	á e.v.	á e.v.	0
45.330 Pípulagnir	0	0	0
45.340 Önnur lagnavinna	0	á e.v.	0
45.442 Glerjun	á e.v.	á e.v.	0
45.450 Annar frágangur bygginga	0	á e.v.	0
45.500 Leiga á vinnuvélum með stjórnanda	á e.v.	0	0
50.200 Viðhald og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	0	0	0
50.301 Heild- og smásala á vélknúnum ökutækjum, hlutum og aukabúnaði fyrir vélknúin ökutæki	0	á e.v.	0
50.302 Smásala á hlutum og aukabúnaði í vélknúin ökutæki	0	0	0
50.500 Smásala bílaeldsneytis	0	0	0
51.170 Umboðsaðilar sem annast sölu á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki	á e.v.	á e.v.	0/2
51.180 Umboðsverslun sem sérhæfir sig í tilteknum vörum eða vöruflokkum, ót.a.	á e.v.	á e.v.	0
51.210 Heildverslun með korn, fræ og dýrafóður	0	0	0
51.220 Heildsala með blóm og plöntur	á e.v.	á e.v.	0
51.389 Heildsala með lindýr, ót.a.	á e.v.	á e.v.	0
51.390 Blönduð heildverslun með matvæli, drykkjarvöru og tóbak	á e.v.	0	0
51.421 Heildsala með fatnað	0	0	0
51.434 Heildsala með hljómplötur, hljóðbönd, geisladiska og stafræna mynddíska (DVD-díska) og myndbönd	á e.v.	á e.v.	0
51.460 Heildverslun með lyf	á e.v.	á e.v.	0

NACE-kóði (*)	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4
51.477 Heildverslun með íþróttavörur, leiktæki og leikföng	0	á e.v.	á e.v.
51.479 Heildverslun með heimilisvörur og vörur til einkanota, ót.a.	á e.v.	á e.v.	0
51.520 Heildverslun með málma og málmgrýti	á e.v.	á e.v.	0
51.532 Heildverslun með timbur	0	0	0
51.533 Heildverslun með málningu og lakk	á e.v.	á e.v.	0
51.539 Heildverslun með byggingarvörur, ót.a.	0	á e.v.	0
51.561 Heildverslun með pappír og pappa	0	á e.v.	0
51.840 Heildverslun með tölur, jaðartæki fyrir tölur og hugbúnað	0	0	0
51.850 Heildverslun með aðrar skrifstofuvélar og tæki	á e.v.	á e.v.	0
51.872 Heildverslun með skipa- og veiðibúnað	á e.v.	á e.v.	0
51.900 Önnur heildverslun	0	0	0
52.110 Smásala í ósérhæfðum verslunum með matvöru, drykkjarvöru eða tóbak sem aðalvöru	0/2	0/2	0/2
52.120 Önnur smásala í ósérhæfðum verslunum	0/2	0/2	0/2
52.220 Smásala á kjöti og kjötvöru	0	á e.v.	á e.v.
52.230 Smásala á fiski, krabbadýrum og lindýrum	á e.v.	á e.v.	0
52.241 Smásala á brauði, kökum og sætabrauði	0	á e.v.	0
52.271 Smásala á heilsumat	á e.v.	á e.v.	0
52.279 Smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum, ót.a.	á e.v.	á e.v.	0
52.310 Smásala lyfja	0	0	0
52.330 Smásala á snyrti og hreinlætisvörum	á e.v.	á e.v.	0
52.410 Smásala á textílörum	0	0	0
52.420 Smásala á fatnaði	0/2	0/2	0/2
52.431 Smásala á skófatnaði	0	0	0
52.441 Smásala á ljósabúnaði	á e.v.	á e.v.	0
52.442 Smásala á postulíni og glervörum	á e.v.	á e.v.	0
52.443 Smásala á húsgögnum	0/2	0/2	0/2
52.449 Smásala á heimilistækjum sem ekki eru rafknúin, ót.a.	á e.v.	0	0
52.451 Smásala á rafknúnum heimilistækjum, útvarps- og sjónvarpsvörum	0	0	0
52.453 Smásala á hljóðfærum og nótum	á e.v.	á e.v.	0
52.461 Smásala á ýmis konar járnvöru, málningu og gleri	0/2	0/2	0/2
52.463 Smásala á málningu og lakki	0	0	á e.v.
52.464 Smásala á viði	á e.v.	á e.v.	0/2
52.469 Smásala á járnvöru, málningu og gleri, ót.a.	á e.v.	0	0
52.481 Smásala á úrum, ljósmyndunarbúnaði og sjóntækjum	á e.v.	0	0
52.482 Smásala á gulli og silfri	á e.v.	0	0
52.483 Smásala á íþróttavörum, leiktækjum og leikföngum	á e.v.	á e.v.	0
52.484 Smásala á blómum og plöntum	á e.v.	á e.v.	0

NACE-kóði (*)	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4
52.485 Smásala á tölvum, skrifstofubúnaði og fjarskiptabúnaði	á e.v.	á e.v.	0
52.489 Smásala í sérverslunum, ót.a.	á e.v.	0	0
52.612 Póstþöntunarverslun með textílvörur, föt, skófatnað, fylgihluti til ferðalaga og leðurvörur	0	á e.v.	á e.v.
52.619 Póstþöntunarverslun með aðrar sérvörur	0	á e.v.	0
52.630 Önnur smásala utan verslana	á e.v.	á e.v.	0
52.720 Viðgerðir á rafknúnum heimilistækjum	á e.v.	á e.v.	0
55.301 Rekstur veitingahúsa og kaffihúsa	0	0	0
55.302 Rekstur skyndibitastaða, salatbara og pylsuvagna	á e.v.	0	0
55.401 Krár	0	0	0
55.510 Mótuneyti	0	á e.v.	0
55.520 Sala á tilbúnum mat	0	á e.v.	0
60.220 Rekstur leigubíla	á e.v.	0	0
63.110 Vöruafgreiðsla	0	á e.v.	0
63.120 Vöru- og birgðageymsla	á e.v.	á e.v.	0
63.211 Miðlæg umboð fyrir kaup á vörum og flutningum	0	0	0
63.212 Bifreiðastæði og bifreiðageymslur	á e.v.	á e.v.	0
63.213 Tollheimtustöðvar	á e.v.	á e.v.	0
63.219 Önnur þjónusta tengd flutningum á landi	0	0	0
63.221 Rekstur hafna	á e.v.	á e.v.	0
63.229 Önnur þjónusta tengd flutningum á sjó og vatnaleiðum	á e.v.	á e.v.	0
63.230 Önnur þjónusta tengd flutningum í lofti	0	0	0
63.302 Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn	á e.v.	0	0
63.401 Vöruflutningar	0	0	0
63.409 Önnur framsendingarþjónusta	á e.v.	á e.v.	0
64.110 Innlend pósthjónusta	0	0	0
64.120 Boðberaþjónusta önnur en innlend pósthjónusta	á e.v.	0	0
64.210 Föst fjarskiptaþjónusta	0	á e.v.	0
64.220 Farsímafyrtæki	0	á e.v.	0
64.230 Netþjónustuaðilar	á e.v.	á e.v.	0
64.240 Önnur fjarskiptastarfsemi	á e.v.	á e.v.	0
65.120 Önnur þjónusta peningastofnana	0	0	0
65.220 Önnur útlánaþjónusta	0	á e.v.	0
65.239 Önnur verðbréfastjórnun	á e.v.	á e.v.	0
66.010 Líftryggingar	á e.v.	á e.v.	0
66.030 Skaðatryggingar	0	0	0
67.130 Starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu	á e.v.	á e.v.	0
67.200 Þjónusta tengd váttryggingafélögum og lífeyrissjóðum	á e.v.	0	0
70.111 Samvinnufélög um húsbyggingar	á e.v.	á e.v.	0

NACE-kóði (*)	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4
70.112 Önnur byggingarumsýsla og sala íbúðarhúsnæðis	á e.v.	á e.v.	0
70.120 Kaup og sala á eigin fasteignum	á e.v.	0	0
70.202 Önnur leiga á eigin fasteignum	0	0	0
70.310 Fasteignasölur	á e.v.	á e.v.	0
70.321 Fasteignarekstur gegn þóknun eða samkvæmt samningi	á e.v.	0	0
70.322 Húsvarðaðþjónusta	á e.v.	á e.v.	0
71.110 Bílaleiga	á e.v.	á e.v.	0
71.320 Leiga á vinnuvélum og tækjum til byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar	á e.v.	á e.v.	0
71.340 Önnur véla- og tækjaleiga, ót.a.	á e.v.	á e.v.	0
71.400 Leiga á munum til einka- og heimilisnota, ót.a.	0	á e.v.	0
72.500 Viðhald og viðgerðir á skrifstofu- og bókhaldsvélum og tölvum	á e.v.	á e.v.	0
74.110 Lögfræðiþjónusta	á e.v.	á e.v.	0
74.121 Reikningsskil og bókhald	0	0	0
74.122 Endurskoðun	0	0	0
74.130 Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir	á e.v.	á e.v.	0
74.140 Ráðgjöf á sviði viðskipta og stjórnunar	0	á e.v.	0
74.203 Jarðfræðirannsóknir	á e.v.	á e.v.	0
74.300 Tæknilegar prófanir og greining	0	0	0
74.400 Auglýsingastarfsemi	0	á e.v.	0
74.501 Vinnumiðlun	0	0	0
74.600 Eftirgrennslan og öryggisþjónusta	0	0	0
74.700 Ræstingar í iðnfyrirtækjum	0	0	0
74.810 Ljósmyndþjónusta	á e.v.	á e.v.	0
74.820 Þökkunarstarfsemi	á e.v.	á e.v.	0
74.851 Ritarastarfsemi	á e.v.	0	0
74.852 Þýðingastarfsemi	á e.v.	á e.v.	0
74.871 Innheimtuþjónusta, útlánastarfsemi	á e.v.	á e.v.	0
74.877 Vörusýningar, sýningar og skipulagning funda	á e.v.	á e.v.	0
74.879 Önnur viðskiptastarfsemi, ót.a.	0	0	0
75.110 Almenn opinber þjónusta	0	0	0
75.120 Stjórnsýsla á sviði heilbrigðisþjónustu, mennta- og menningarmála og annarra félagsmála, þó ekki almannatryggingar	0	0	0
75.130 Stjórnsýsla í þágu atvinnuveganna	0	0	0
75.140 Stuðningsþjónusta í þágu hins opinbera í heild	0	á e.v.	0
75.220 Varnarmál	0	0	0
75.230 Réttarfar og dómstólar	0	0	0
75.240 Almannaöryggi, löggæsla og önnur starfsemi	0	0	0
75.250 Slökkvilið	0	0	0

NACE-kóði (*)	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4
75.300 Lögboðnar almannatryggingar	0	0	0
80.102 Menntun á fyrri og síðari skólastigum	0	0	0
80.103 Sérmenntun fyrir fatlaða	0	0	0
80.210 Almenn framhaldsskólanám	0	0	0
80.309 Menntun í öðrum framhaldsskólum	á e.v.	á e.v.	0/2
80.410 Starfsemi öskuskóla	á e.v.	á e.v.	0
80.421 Menntun í lýðháskólum	0	0	0
80.423 Samtök um fullorðinsfræðslu	á e.v.	0	0
80.424 Starfsemi tónlistarskóla sveitarfélaga	á e.v.	0	0
80.429 Önnur menntun	0	0	0
85.114 Endurhæfingarstofnanir	0	0	0
85.116 Geðsjúkrahús fyrir fullorðna	0	0	á e.v.
85.118 Hjúkrunarheimili	0	0	0
85.121 Heimilislæknar	á e.v.	á e.v.	0
85.122 Læknar, sérfræðingar aðrir en geðlæknar	á e.v.	á e.v.	0
85.130 Tannlækningar	0	0	0
85.142 Þjónusta sjúkraþjálfara	á e.v.	á e.v.	0
85.143 Heilbrigðisþjónusta í skólum, þjónusta vegna meðgöngu og fæðingar og heilsugæsla barna	0	á e.v.	á e.v.
85.144 Önnur fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta	á e.v.	0	0
85.147 Sjúkraflutningar	0	0	0
85.149 Önnur heilbrigðisþjónusta	0	0	0
85.200 Dýralækningar	0	0	0
85.311 Velferðarstofnanir fyrir börn	0	á e.v.	á e.v.
85.312 Stofnanir fyrir áfengis- og fíkniefnaneytendur	0	0	0
85.319 Aðrar félagsþjónustustofnanir	á e.v.	0	0
85.321 Heimaaðhlyning	á e.v.	á e.v.	0
85.322 Dvalarheimili með gístaðstöðu fyrir eldra fólk og fatlaða	á e.v.	á e.v.	0
85.323 Velferðarþjónusta fyrir börn	0	á e.v.	0
85.324 Félagsþjónusta án gístaðstöðu fyrir áfengis- og fíkniefnaneytendur	á e.v.	0	0
85.325 Fjölskylduráðgjöf	á e.v.	á e.v.	0
85.326 Félagsþjónustuskrifstofur á vegum sveitarfélaga	á e.v.	á e.v.	0
85.327 Menntun ungra barna og umönnunarstofnanir	0	0	0
85.331 Umönnun barna á skólaaldri	á e.v.	á e.v.	0
85.333 Dagheimili fyrir aldraða og fatlaða	á e.v.	á e.v.	0
85.334 Þjálfun fyrir starfsemi á almenna vinnumarkaðinum	0	0	0
85.335 Verndaðir vinnustaðir	0	0	0
85.336 Félagsmálastofnanir	á e.v.	á e.v.	0
85.337 Stofnanir fyrir móttöku hælsleitenda	0	0	0

NACE-kóði (¹)	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4
85.338 Starf/þjálfun til starfa á heilbrigðis- og félagsmálastofnunum á vegum sveitarfélaga	0	á e.v.	á e.v.
85.339 Annars konar félagsþjónusta án gístaðstöðu	á e.v.	0	á e.v.
90.010 Skolpsöfnun og -hreinsun	0	á e.v.	0
90.020 Söfnun og hreinsun annars úrgangs	0	0	0
91.110 Starfsemi atvinnuvega og vinnuveitendasamtaka	á e.v.	0	0
91.200 Starfsemi stéttarfélaga	á e.v.	á e.v.	0
91.310 Starfsemi trúfélaga	0	0	0
91.330 Önnur félagsstarfsemi, ót.a.	0	á e.v.	0
92.110 Framleiðsla á kvikmyndum og myndböndum	á e.v.	á e.v.	0
92.130 Kvikmyndasýningar	á e.v.	á e.v.	0
92.200 Starfsemi útvarps- og sjónvarpsstöðva	0	á e.v.	0
92.320 Rekstur húsnæðis og aðstöðu fyrir menningarstöðvar	0	á e.v.	0
92.330 Rekstur vörusýninga- og skemmtigarða	á e.v.	á e.v.	0
92.400 Starfsemi fréttastofa	á e.v.	á e.v.	0
92.510 Starfsemi bóka- og skjalasafna	0	á e.v.	0
92.521 Starfsemi safna	0	0	0
92.522 Varðveisla sögulegra staða og bygginga	á e.v.	0	0
92.610 Rekstur íþróttamannvirkja	0/2	0	0
92.621 Íþróttaklúbbar og -samtök	0	0	0
92.629 Önnur íþróttastarfsemi, ót.a.	á e.v.	á e.v.	0
92.721 Félög um áhugamál og ævintýraferðir	á e.v.	0	á e.v.
92.729 Önnur tómstundastarfsemi, ót.a.	0	0	0
93.010 Þvottahús og efnalaugar fyrir textíl- og skinnvörur	0	0	0
93.020 Hárgreiðslu- og snyrtistofur	á e.v.	0	0
93.030 Útfararþjónusta	á e.v.	á e.v.	0
93.040 Heilsuræktarstarfsemi	0	0	0

(¹) Skrá NACE yfir atvinnugreinar samkvæmt flokkun norsku hagstofunnar.

(²) Í töflunni merkir táknið 0 að stjórnvöld í Noregi telji að ekki sé um áhrif á viðskipti að ræða í viðkomandi atvinnugrein. Táknid 0/2 merkir að sum fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum á viðkomandi svæði búi við samkeppni. Tilvísunin „á e.v.“ merkir „á ekki við“. Hún gefur til kynna að samkvæmt athugunum í tengslum við ECON-skýrsluna séu engin fyrirtæki, sem færu yfir frimarkið, starfandi í atvinnugreininni á viðkomandi svæði.

Á grundvelli ECON-skýrslunnar hafa stjórnvöld í Noregi ákveðið að nota eftirtalin viðmið til þess að greina á milli fyrirtækja, sem keppa ekki við fyrirtæki í öðrum EES-ríkjum, og fyrirtækja sem mæta samkeppni hvarvetna á EES, að því er varðar atvinnugreinar sem merktar eru með tölustöfunum 0/2:

– NACE 22.120 og 22.210: *útgáfa og prentun dagblaða*

Af ástæðum sem varða tungumál, menningu og fjarlægðir telst útgáfa og prentun staðarblaða eingöngu vera starfrækt á staðbundnum mörkuðum. Dagblað telst staðarblað ef það er ekki gefið út á landsvísu.

- *NACE 35.111 og 35.113: smíði og viðgerðir á skipum og skipsskrokkum yfir og undir 100 tonnum*

Að því tilskildu að um sé að ræða viðgerðir á skipum sem sigla í norski lögsögu eða þarfnast aðstoðar án tafar teljast hlutaðeigandi skipasmíðastöðvar starfa staðbundið og búa því ekki við samkeppni frá fyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum.

- *NACE 51.170: umboðsaðilar sem annast sölu á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki*

Stjórnvöld í Noregi hafa ekki lagt fram frekari útskýringar á því hvaða viðmið gilda um fyrirtæki í þessari atvinnugrein. Samkvæmt ECON-skýrslunni nægðu fyrirleggjandi upplýsingar ekki til að greina milli fyrirtækja sem búa við samkeppni og annarra fyrirtækja.

- *NACE 52.110: smásala í ósérhæfðum verslunum með matvöru, drykkjarvöru eða tóbak sem aðalvöru*

Fyrirtæki teljast ekki búa við samkeppni frá öðrum EES-ríkjum ef þau liggja fjær keppinautum hinum megin landamæranna en sem nemur 150 kílómetrum. Samkvæmt upplýsingunum, sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram, var þessi vegalengd fengin með því að skilgreina næstu keppinauta handan landamæranna sem fyrirtæki í atvinnugreinaflokki 52.110, sem er ósérhæfð smásöluverslun. Samkeppnisskilyrði voru metin með tilliti til fyrirtækja í mismunandi fjarlægð frá næsta keppinauti hinum megin við landamærin. Á grundvelli niðurstaðna ECON-skýrslunnar töldu stjórnvöld í Noregi að litlar líkur væru á að fyrirtæki í meira en 150 kílómetra fjarlægð frá keppinauti byggju við samkeppni frá fyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum. Stjórnvöld í Noregi telja að spurningin um raunverulega samkeppni ráðist af því vöruúrvali sem í boði sé.

- *NACE 52.120, 52.420 og 52.443: önnur smásala í ósérhæfðum verslunum, smásala á fatnaði og smásala á húsgögnum*

Þó að fjarlægðin til keppinauta hinum megin landamæranna skipti máli telja stjórnvöld í Noregi að erfitt sé að greina á algildan og afgerandi hátt á milli fyrirtækja, sem verða fyrir áhrifum af viðskiptum milli EES-ríkjanna, og þeirra sem ekki verða fyrir slíkum áhrifum. Þótt fyrirtæki, sem liggja u.þ.b. 200 km frá tiltölulega stórri verslunarmiðstöð hinum megin landamæranna, búi við samkeppni samkvæmt niðurstöðum ECON-skýrslunnar, búa fyrirtæki nær landamærunum ekki við samkeppni ef engar stórar verslunarmiðstöðvar eru staðsettar handan landamæranna. Hins vegar kom fram í tilkynningunni að á grundvelli sama mats og fyrir NACE 52.110 teldu stjórnvöld í Noregi að 200 km fjarlægð væri viðeigandi hlutlægt viðmið til ákvörðunar á áhrifum á viðskipti í þessari atvinnugrein.

- *NACE 52.461 og 52.464: smásala á ýmis konar járnvöru, málningu og gleri og smásala á viði*

Stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að fyrirtæki, sem séu „mjög langt frá landamærunum“, búi ekki við samkeppni frá fyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum. Á grundvelli fyrirleggjandi upplýsinga merkir „mjög langt frá landamærunum“ að ekki sé fyrirhafnarinnar virði að ferðast fram og til baka á einum degi og ræðst þá fjarlægðin m.a. af ástandi vega og umferðarskilyrðum. Fyrirtæki í Rogalandsfylki, Hörðalandsfylki, Sogn- og Firðafylki og Mæris- og Raumsdalsfylki geti notið lækkaðs almannatryggingagjalds þar sem þau búi ekki við samkeppni frá öðrum EES-ríkjum. Fyrirtæki í öðrum fylkjum komi ekki til greina.

- *NACE 80.309: menntun í öðrum framhaldsskólum*

Í tilkynningunni er eingöngu fjallað um námsgreinar á sviði fullorðinsfræðslu sem teljast ekki verða fyrir áhrifum af viðskiptum. Hvað varðar menntun í menntaskólum og háskólum hafa stjórnvöld í Noregi bent á að talan 2 merki að viðkomandi starfsemi búi við samkeppni.

– NACE 92.610: rekstur íþróttamannvirkja

Íþróttafélag telst staðbundið þegar það tekur ekki þátt í starfsemi efstu deildar í viðkomandi íþróttgrein. Önnur íþróttamannvirki teljast staðbundin ef þau nýtast helst staðbundnum félögum, íbúum í sveitarfélaginu og ferðalöngum í dagsferðum sem ekki geta nýtt sér samkeppnishæf tilboð í öðrum EES-ríkjum.

2) Aðferð við úrtak fyrirtækja sem falla undir tilkynnta ráðstöfun um mismunandi almannatryggingagjald eftir héruðum

Hin tilkynnta ráðstöfun tekur til allmargra atvinnugreina sem tilgreindar eru í ECON-skýrslunni eins og að ofan greinir. ECON-skýrslan byggist á mati sem lagt var á „samkeppnisfleti“ (*konkurranseflater*) milli fyrirtækja á svæðum 2, 3 og 4 í Noregi og fyrirtækja í öðrum EES-ríkjum. Hún hefur að geyma skrá yfir atvinnugreinar sem talið er að búi ekki við samkeppnisáhrif frá öðrum EES-ríkjum.

Hvað varðar framleiðsluáætlunina var skráin yfir atvinnugreinar, sem búa ekki við samkeppnisáhrif frá öðrum EES-ríkjum, samin á grundvelli svæðisbundinna upplýsinga fá norsku hagstofnunni um útflutning og innflutning til viðkomandi svæða. Eins og stjórnvöld í Noregi skýrðu frá í bréfi dagsettu 12. nóvember 2004 dró ECON þá niðurstöðu af beinum viðskiptum í nærri öllum atvinnugreinum (NACE 15 til NACE 37) að nánast allar þessar atvinnugreinar gætu orðið fyrir samkeppnisáhrifum frá fyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum. Stjórnvöld í Noregi skýrðu einnig frá því að fæinar atvinnugreinar (útgáfustarfsemi og prentun dagblaða, sem og skipasmíðar) teldust samt sem áður starfræktar á staðbundnum mörkuðum, en að sú niðurstaða byggðist eingöngu á eðli og eiginleikum þessara undiratvinnugreina en ekki á greiningu á innflutningi eða útflutningi.

Hvað varðar fyrirtæki í þjónustugreinum (NACE 50 til NACE 99) voru samkeppnisáhrif einkum skoðuð á grundvelli þekkingar á markaðsaðstæðum í ólíkum starfsgreinum og viðtölum við úrtak fyrirtækja á svæðum 2, 3 og 4 í Noregi.

Hvorki er að finna beina tilvísun í aðferðina sem var notuð til að ákvarða hvort raf-, gas- og vatnsveitur (NACE 40) eða byggingariðnaður (NACE 45) byggju við samkeppni, enda þótt stór hluti undiratvinnugreina byggingariðnaðar hafi verið talinn með í tilkynningunni.

Samkvæmt ECON-skýrslunni varð algerlega staðbundin starfsemi ekki fyrir áhrifum af viðskiptum milli EES-ríkjanna. Til þess að atvinnugrein gæti talist algerlega staðbundin starfsemi samkvæmt ECON-skýrslunni varð hún að fullnægja tveimur skilyrðum á viðkomandi svæði: að fyrirtæki, sem störfuðu í greininni, tækju ekki sjálf þátt í starfsemi yfir landamæri, og að hin tiltekna starfsemi á viðkomandi svæði laðaði ekki að viðskiptavinum annars staðar frá.

Í skýrslunni kemur fram að nota megi greiningu á samkeppnisflötum sem grundvöll að reglugerð sem viðhaldi, eftir því sem við verður komið, eldra kerfi lækkaðra gjaldhlutfalla almannatryggingagjalds í atvinnugreinum sem eru ekki í samkeppni við fyrirtæki í öðrum EES-ríkjum⁽²⁶⁾. Í ECON-skýrslunni er samt ekki að finna tillögu að reglugerð, eins og eðlilegt væri þegar um er að ræða aðstoðarkerfi, né heldur er slíka tillögu að finna í tilkynningunni.

Í inngangsorðum skýrslunnar greindi ECON frá því að skort hefði tíma og fé til gagnerrar greiningar á samkeppnistengslum í öllum atvinnugreinum sem skýrslan tekur til og að þetta gæti bæði leitt til vanmats og ofmats á samkeppni við fyrirtæki í öðrum EES-ríkjum⁽²⁷⁾. ECON var þó þeirrar skoðunar að niðurstöður skýrslunnar gæfu nokkuð skýra mynd af samkeppni milli fyrirtækja í EES-ríkjunum.

⁽²⁶⁾ Ágrip í skýrslunni: „Kartleggingen skal kunne brukes til å utarbeide et forslag til regelverk som så langt som mulig viderefører ordningen med gradert arbeidsgiveravgift for bransjer eller vesentlige deler av bransjer som ikke er i konkurranse med virksomheter i andre EØS-land, og som dermed ikke påvirker samhandelen.“

⁽²⁷⁾ Liður 1.2 í skýrslunni: „Det har verken vært tid eller ressurser til å gjennomføre en dypgående analyse av konkurranseforholdene innen alle de bransjer som omfattes av rapporten. I de fleste tilfellene har vi måttet bygge på faglige vurderinger støttet av intervjuer med utvalgte bedrifter. Skjevheter i informasjonen kan derfor forekomme i våre vurderinger av enkeltbransjer. Imidlertid kan dette slå ut både i retning av å overvurdere konkurransen med andre EØS-land og å undervurdere den.“

3. Athugunarefni í ákvörðuninni um að hefja rannsókn

Hinn 6. október 2004 ákvað Eftirlitsstofnun EFTA að hefja formlega rannsókn á tillögu að mismunandi almannatryggingagjalda eftir héruðum í tilteknum atvinnugreinum. Stofnunin taldi að fyrirhugað kerfi lækkaðra hlutfalla almannatryggingagjalds á svæðum 2, 3 og 4 tæki til mjög margra atvinnugreina og fyrirtækja. Tilkynntar ráðstafanir endurspegluðu að mjög miklu leyti eldra kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum og lækkaðra gjaldhlutfalla almannatryggingagjalds sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði lýst yfir að væri ósamrýmanleg aðstoð ⁽²⁸⁾.

Helsti munurinn á kerfinu, sem áður var lagt mat á, og ráðstöfuninni, sem nú er tilkynnt, er fækkun atvinnugreina sem geta notið lækkaðs gjaldhlutfalls. Í ECON-skýrslunni er að finna skrá yfir atvinnugreinar sem talið var að yrðu ekki fyrir áhrifum af viðskiptum milli EES-rikkanna á grundvelli mats á samkeppnisflötum.

Í ákvörðuninni um að hefja málsmeðferð lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um aðferðina sem notuð er í ECON-skýrslunni við að afla upplýsinga, enda virtist hún ekki vera kerfisbundin. Stofnunin taldi athugunarvert að í ECON-skýrslunni birtist eingöngu ófullkomin mynd af óbreyttu ástandi og að engin gagnger greining væri gerð á framtíðarstöðu mála.

Eftirlitsstofnun EFTA ítrekaði efasemdir sínar um að aðferðin, sem notuð var til að ákvarða hvort viðskipti milli EES-rikkanna yrðu fyrir áhrifum í tiltekinni atvinnugrein, samræmdest túlkun dómstóla á hugtakinu „áhrif á viðskipti“ í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Með vísan til dómafrákvæmdar tók stofnunin sérstaklega fram að andstætt því sem gert væri ráð fyrir í ECON-skýrslunni nægði það ekki ekki eitt og sér til að sýna að ekki væri um áhrif á viðskipti að ræða að aðstoð væri veitt vegna algerlega staðbundinnar starfsemi eða til fyrirtækja sem eingöngu störfuðu á staðarvisu.

Ennfremur hafði Eftirlitsstofnun EFTA efasemdir um að hin tilkynnta ráðstöfun fæli í sér fullnægjandi tilhögun til að tryggja í öllum tilvikum að ekki væri um að ræða nein áhrif á viðskipti, þar sem hún innihéldi engin almenn ákvæði til að tryggja nauðsynlegt réttaröryggi og efnahagslega vissu þegar henni væri beitt til að meta áhrif á viðskipti. Stofnunin taldi athugunarvert hversu illa ráðstöfunin væri afmörkuð, þar sem hún er til ótiltekins tíma og hefur ekki að geyma ákvæði um endurskoðun á skilyrðum fyrir beitingu.

Eftirlitsstofnun EFTA ákvað að hefja formlega rannsókn, m.a. til að auðveldara yrði fyrir stjórnvöld í Noregi að skýra og rökstyðja hvort beiting hinnar tilkynntu ráðstöfunar hefði áhrif á viðskipti. Vísað er í eftirfarandi lið um athugasemdir sem bárust frá stjórnvöldum í Noregi.

4. Athugasemdir stjórnvalda í Noregi

Með bréfi dagsettu 12. nóvember 2004 lögðu stjórnvöld í Noregi fram athugasemdir sínar við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn. Í tengslum við efni tilkynningarinnar gáfu stjórnvöld í Noregi þær skýringar að varðandi stöðluðu atvinnugreinaflokkana 52.120 (önnur smásala í ósérhæfðum verslunum), 52.420 (smásala á fatnaði) og 52.443 (smásala á húsgögnum) tæki tilkynningin til fyrirtækja á öllum svæðunum þremur sem féllu undir ráðstöfunina. Ónákvæmni hefði valdið því að þetta var eingöngu tilgreint fyrir fyrirtæki á svæði 4.

Í öðru lagi gáfu stjórnvöld í Noregi eftirfarandi skýringar: „*tilkynnt var um nokkrar atvinnugreinar á einu svæði á þann hátt að þær byggju ekki við samkeppni þótt sömu atvinnugreinar á öðrum svæðum væru ekki teknar með á þeirri skrá. [...] Ástæðan fyrir þessu var að samkvæmt niðurstöðum ECON-skýrslunnar eru í ákveðnum atvinnugreinum engin fyrirtæki sem fara yfir frimarkið á viðkomandi svæði. [...] Fari launakostnaður þessara fyrirtækja hins vegar yfir frimarkið síðar meir verða þau metin á sama hátt og fyrirtæki sem falla undir viðkomandi atvinnugrein og tilkynnt er um á öðrum svæðum.*“

Í þriðja lagi töldu stjórnvöld í Noregi að þau rök, sem Eftirlitsstofnun EFTA færði fram í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, endurspegluðu tiltölulega einfaldan skilning á gagnasöfnunararaðferðum og mati ECON. Í þessu tilliti staðhæfðu stjórnvöld í Noregi að í tengslum

⁽²⁸⁾ Um frekari upplýsingar vísast til liðar 1.2.a í þessari ákvörðun með sérstakri vísan til ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA 172/02/COL og 218/03/COL.

við framleiðslufyrirtæki hefðu áhrifin af samkeppni verið skoðuð í ljósi svæðisbundinna upplýsinga um útflutning og innflutning. Stjórnvöld í Noregi skýrðu frá því að í ECON-skýrslunni væri ekki gert ráð fyrir að greining á þessum tölum gæti dugað til að gera grein fyrir atvinnuvegum sem ekki yrðu fyrir áhrifum af samkeppni frá fyrirtækjum í öðrum EES-rikkjum, en að hún nægði til þess að staðfesta að aðstoð í tiltekinni atvinnugrein kynni í raun að hafa áhrif á viðskipti.

Hvað varðaði fyrirtæki í þjónustugreinum færðu stjórnvöld í Noregi fram þau rök að samkeppnisáhrifin hefðu aðallega verið rannsökuð á grundvelli vitneskju um markaðsaðstæður í ólíkum starfsgreinum og viðtölum við úrtak fyrirtækja. Til þess að flokkast sem algerlega staðbundin starfsemi var eitt skilyrðið að fyrirtæki í viðkomandi þjónustugrein tækju ekki þátt í starfsemi yfir landamæri. Hins vegar var þessu ekki beitt sem nægilegu skilyrði. Í ECON-skýrslunni var einnig metið hvort tiltekin þjónustustarfsemi í tilteknu héraði gæti laðað að viðskiptavinum frá öðrum stöðum eða EES-rikkjum. Hvað hugsanlega framtíðarstöðu varðaði voru fyrirtækin, sem rætt var við, spurð hver þau teldu að áhrifin yrðu á viðskiptavenjur viðskiptavina þeirra ef verð á þjónustu, sem veitt væri staðbundið, yrði hækkað um tiltekna hlutfallstölu eða ef hækkun yrði á verði fyrir sömu þjónustu hjá fyrirtækjum í nálægum ríkjum Norðurlandanna.

Í fjórða lagi töldu stjórnvöld í Noregi að það væri hlutverk Eftirlitsstofnunar EFTA að meta hvort heimilt væri að veita atvinnugreinum eða fyrirtækjum, sem hin tilkynnta ráðstöfun næði til, aðstoð sem hefði ekki áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

II. MAT

1. Málsmæðferðarkröfur

Hinni tilkynntu ráðstöfun hefur ekki verið hrundið í framkvæmd. Stjórnvöld í Noregi hafa því fullnægt skuldbindingum sínum skv. 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

2. Hin tilkynnta ráðstöfun

Stjórnvöld í Noregi hafa tilkynnt að þau hyggist „halda áfram að beita frá 1. janúar 2005 kerfi mismunandi almannatryggingagjalds sem var í gildi fyrir 1. janúar 2004 í þeim atvinnugreinum sem búa ekki við samkeppni frá fyrirtækjum í öðrum EES-rikkjum“. Ekkert eiginlegt frumvarp að reglugerð eða lögum um beitingu ráðstöfunarinnar hefur verið tilkynnt. Stjórnvöld í Noregi hafa tilkynnt skýrslu sem þau áforma að nota sem grundvöll endurinnleiðingar á eldra kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum og lækkaðra hlutfalla almannatryggingagjalds í þágu tiltekinnar atvinnugreina. Þótt fram komi í ECON-skýrslunni að nota mætti greiningu á samkeppnisflötum sem grundvöll að reglugerð er þar hvorki að finna tillögu að slíkri reglugerð, eins og eðlilegt væri þegar um er að ræða aðstoðarkerfi, né heldur er slíka tillögu að finna í tilkynningunni.

Miðað við þær takmörkuðu upplýsingar sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram í tilkynningunni og á meðan formleg rannsókn fór fram virðast stjórnvöld í Noregi vilja viðhalda (eða innleiða aftur) eldra kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum og lækkaðra hlutfalla almannatryggingagjalds en takmarka beitingu þess við atvinnugreinar sem tilgreindar eru í ECON-skýrslunni. Hafa ber í huga að eldra kerfi lækkaðra hlutfalla almannatryggingagjalds var flokkað sem aðstoðarkerfi⁽²⁹⁾. Eftirlitsstofnun EFTA sér enga ástæðu til þess að flokka hina tilkynntu ráðstöfun á annan hátt en sem kerfi enda þótt gildissviðið hafi verið þrengt.

Samkvæmt skilgreiningunni sem er að finna í d-lið 1. gr. í II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er aðstoðarkerfi sérhver gerð sem leggja má, án frekari framkvæmdarráðstafana, til grundvallar því að veita staka aðstoð fyrirtækjum sem eru skilgreind í gerðinni á almennan og óhlutbundinn hátt. Hugtakið nær einnig til sérhverrar gerðar sem leggja má til grundvallar því að veita einu eða fleiri fyrirtækjum staka aðstoð, sem er ekki bundin sérstóku verkefni, í ótiltekinn tíma og/eða sem nemur ótiltekinni fjárhæð.

⁽²⁹⁾ Vísad er í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 218/03/COL þar sem samþykktur er þriggja ára aðlögunarfrestur vegna afnáms mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum.

Hin tilkynnta ráðstöfun varðar upptöku mismunandi hlutfalla almannatryggingagjalds eftir héruðum gagnvart öllum fyrirtækjum í ýmsum atvinnugreinum (fleiri en 200 atvinnugreinar falla undir tillöguna) með tilliti til þeirra starfsmanna sem hafa fasta búsetu á svæðum 2, 3 og 4 í Noregi. Beiting lækkaðra hlutfalla almannatryggingagjalds er ekki stök aðstoð til eins fyrirtækis heldur aðstoð sem veitt er aftur og aftur með reglubundnum hætti í ótiltekinn tíma í þágu ótiltekins fjölda styrkþega. Því verður að skilgreina hina tilkynntu aðstoð sem kerfi.

3. Gildissvið ákvörðunarinnar

Matið, sem hér fer á eftir, tekur eingöngu til starfsemi sem fellur undir EES-samninginn. Eftirlitsstofnun EFTA getur ekki metið starfsemi sem fellur utan gildissviðs EES-samningsins, til dæmis NACE-kóða 75.220, varnarmál.

Þá hefur Eftirlitsstofnun EFTA enga heimild til að rannsaka aðstoð til fyrirtækja sem annast eingöngu starfsemi sem tengist vörum utan EES-samningsins, svo sem landbúnaðar- og sjávarafurðum⁽³⁰⁾. Hér má nefna NACE-kóða 01.300, blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar (blandaður búskapur). Í þessari ákvörðun er ekki fjallað um starfsemi í atvinnugreinum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki umboð til að meta með tilliti til ríkisaðstoðar⁽³¹⁾.

4. Hvort um aðstoð er að ræða í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd⁽³²⁾ verður aðstoð að fullnægja öllum fjórum skilyrðunum, sem kveðið er á um í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, til þess að flokkast sem slík: 1) hún verður að vera veitt af ríkinu eða af ríkisfjármunum, 2) hún verður að ívilna þeim sem hana hlýtur, 3) hún verður að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni og 4) til þess að falla undir bannið í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Fjallað hefur verið um hið norska kerfi lækkaðra hlutfalla almannatryggingagjalds í nokkrum ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA⁽³³⁾. EFTA-dómstóllinn hefur einnig metið kerfið⁽³⁴⁾ og komist að þeirri niðurstöðu að kerfi af þessu tagi feli í sér ríkisaðstoð.

Eins og þegar hefur verið nefnt er markmiðið með fyrirliggjandi tillögu að innleiða á ný eldra kerfi, og er eini munurinn að fyrirhugað kerfi er takmarkað við ákveðnar atvinnugreinar. Eftirlitsstofnun EFTA telur að niðurstöður stofnunarinnar og dómur EFTA-dómstólsins um að eldra kerfið falli undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins eigi ekki síður við um fyrirliggjandi tilkynnt kerfi að því er varðar þrjú af þeim fjórum skilyrðum sem sett eru.

Þannig felur kerfið, sem tilkynnt hefur verið, í sér að gengið er á ríkisfjármuni, enda verður ríkið af tekjum vegna lækkaðra hlutfalla almannatryggingagjalds. Þá færir kerfið fyrirtækjum í atvinnugreinum, sem ívilnað er, og héruðum, sem falla undir kerfið, beinan samkeppnisávinning umfram fyrirtæki sem eru staðsett annars staðar og falla ekki undir tilkynntar atvinnugreinar. Í þessu samhengi vill Eftirlitsstofnun EFTA leggja áherslu á að ráðstöfun getur eingöngu talist ríkisaðstoð að svo miklu leyti sem hún varðar fyrirtæki sem annast atvinnustarfsemi, þ.e. starfsemi sem felur í sér framboð á vörum og þjónustu í samkeppni á tilteknum markaði⁽³⁵⁾. Í dómaframkvæmd er fyrirtæki skilgreint sem „hver sú rekstrareining sem annast atvinnustarfsemi án tillits til lagastöðu

⁽³⁰⁾ Sjá m.a. 3. mgr. 8. gr. og 17. til 20. gr. EES-samningsins og bókanir 3 og 9 við hann, sem og 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁽³¹⁾ Sjá einnig 4. lið hér á eftir.

⁽³²⁾ Mál C-345/02, *Pearle BV, Hans Prij's Optiek Franchise BV, Rinck Opticiens BV og Hoofdbedrijfschap Ambachten* [2004], dómasafn I-7139, 33. mgr., mál C-142/87, *Belgia gegn framkvæmdastjórninni („Tubemeuse“)* [1990], dómasafn I-959, 25. mgr.; sameinuð mál C-278/92 til C-280/92, *Spánn gegn framkvæmdastjórninni* [1994], dómasafn I-4103, 20. mgr.; mál C-482/99, *Frakkland gegn framkvæmdastjórninni* [2002], dómasafn I-4397, 68. mgr., og mál C-280/00, *Altmark Trans og Regierungspräsidium Magdeburg* [2003], dómasafn I-7747, 74. mgr.

⁽³³⁾ Sjá lið 1.2.a í þessari ákvörðun.

⁽³⁴⁾ Mál E-6/98, *norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999], EFTA Court Report bls. 76.

⁽³⁵⁾ Sameinuð mál C-180/98 til C-184/98, *Pavlov o.fl.* [2000], dómasafn I-6451, 75. mgr.

rekstrareiningarinnar og hvernig hún er fjármögnuð⁽³⁶⁾. Því getur engin ríkisaðstoð átt sér stað í greinum þar sem engin efnahagsleg starfsemi fer fram eins og þegar um er að ræða hreina stjórn-sýslulega starfsemi, réttarfarslega starfsemi og starfsemi dómstóla eða lögboðnar almannatryggingar, svo dæmi séu tekin. Því tekur þessi ákvörðun ekki til slíkrar starfsemi.

Af þessum sökum er eftir að svara því hvort veitt aðstoð samkvæmt hinu tilkynnta kerfi, er tekur til tiltekinnar atvinnugreina sem eru ekki taldar búa við samkeppni frá fyrirtækjum í öðrum ríkjum EES, hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

a) *Hefur aðstoðin áhrif á viðskipti í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins?*

Til þess að aðstoð falli undir bannið í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að vera til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum. Í ákvæðinu er ekki gerður greinarmunur á orsökum eða markmiðum heldur er ríkisaðstoð skilgreind með tilliti til þeirra áhrifa sem hún hefur⁽³⁷⁾.

Í því sem hér fer á eftir mun Eftirlitsstofnun EFTA meta hvort það að takmarka kerfið við tilteknar atvinnugreinar hindri að aðstoðin geti haft áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna og valdi því þannig að hún falli utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1) *Lagaumhverfi*

Í samræmi við dómaframkvæmd⁽³⁸⁾ verður að líta svo á að hvenær sem fjárhagsaðstoð ríkisins styrkir samkeppnisstöðu fyrirtækis gagnvart öðrum fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu hafi aðstoðin áhrif á hina síðarnefndu.

Engum mörkum eða hundraðshlutfalli er til að dreifa sem segja má um að aðstoð undir slíkum mörkum hafi ekki áhrif á viðskipti milli samningsaðila⁽³⁹⁾. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd sýnir það að aðstoð er tiltölulega lítil, eða að fyrirtækið sem fær hana er fremur lítið, ekki eitt og sér að viðskipti milli EES-ríkjanna geti ekki orðið fyrir áhrifum⁽⁴⁰⁾. Ef mjög mörg lítil fyrirtæki eru í atvinnugrein getur aðstoð, sem hugsanlega stendur öllum eða mjög mörgum fyrirtækjum í atvinnugreininni til boða, haft áhrif á viðskipti milli ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum, jafnvel þótt einstakar fjárhæðir séu lágar⁽⁴¹⁾. Aðstoð getur einnig haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna jafnvel þótt styrkta fyrirtækið taki sjálft ekki þátt í viðskiptum yfir landamæri⁽⁴²⁾.

Eðli aðstoðarinnar fer hvorki eftir staðbundnu eða svæðisbundnu eðli þjónustunnar sem veitt er né umfangi viðkomandi starfssviðs⁽⁴³⁾. Staðbundið eðli starfsemi fyrirtækjanna, sem njóta styrkja, er einn þeirra þátta sem taka ber tillit til þegar metið er hvort viðskipti verða fyrir áhrifum en nægir ekki til þess að sýna að aðstoðin hafi ekki áhrif á viðskipti⁽⁴⁴⁾. Ástæðan er sú að ríkisaðstoð við fyrirtæki getur leitt til þess að innra framboð haldist eða aukist með þeim afleiðingum að erfiðara verður fyrir önnur fyrirtæki að komast inn á markaðinn í viðkomandi EES-ríkjum⁽⁴⁵⁾.

⁽³⁶⁾ Mál C-41/90, *Höfner og Elser* [1991], dómasafn I-1979, 21. mgr.

⁽³⁷⁾ Mál C-56/93, *Belgía gegn framkvæmdastjórninni* [1996], dómasafn I-723, 79. mgr.

⁽³⁸⁾ Mál E 6/98, *norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999], skýrsla EFTA-dómstólsins 59. mgr. bls. 76; mál 730/79, *Philip Morris gegn framkvæmdastjórninni* [1980], dómasafn 2671, 11. mgr.

⁽³⁹⁾ Mál C-280/00, *Altmark Trans og Regierungspräsidium Magdeburg* [2003], dómasafn I-7747, 81. mgr.; mál C-172/03, *Wolfgang Heiser gegn Finanzamt Innsbruck* [2005], enn óbirt, 32. mgr.

⁽⁴⁰⁾ Mál C-71/04, *Administración del Estado gegn Xunta de Galicia* [2005], enn óbirt, 41. mgr.; mál C-280/00, *Altmark Trans og Regierungspräsidium Magdeburg* [2003], dómasafn I-7747, 81. mgr.; sameinuð mál C-34/01 til C-38/01, *Enirisorse* [2003], dómasafn I-14243, 28. mgr.; mál C-142/87, *Belgía gegn framkvæmdastjórninni* („*Tubemeuse*“) [1990], dómasafn I-959, 43. mgr.; sameinuð mál C-278/92 til C-280/92, *Spánn gegn framkvæmdastjórninni* [1994], dómasafn I-4103, 42. mgr.

⁽⁴¹⁾ Mál C-71/04, *Administración del Estado gegn Xunta de Galicia* [2005], enn óbirt, 43. mgr.; mál C-351/98, *Spánn gegn framkvæmdastjórninni* [2002], dómasafn I-8031, 64. mgr.; og mál C-372/97, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* [2004], dómasafn I-3679, 57. mgr.

⁽⁴²⁾ Mál T-55/99, *CTM gegn framkvæmdastjórninni* [2000], dómasafn II-3207, 86. mgr.

⁽⁴³⁾ Mál C-280/00, *Altmark Trans og Regierungspräsidium Magdeburg* [2003], dómasafn I-7747, 77. mgr.; mál C-172/03, *Wolfgang Heiser gegn Finanzamt Innsbruck* [2005], enn óbirt, 33. mgr.; mál C-71/04, *Administración del Estado gegn Xunta de Galicia* [2005], enn óbirt, 40. mgr.

⁽⁴⁴⁾ Sameinuð mál T-298/97-T-312/97 o.fl., *Alzetta o.fl. gegn framkvæmdastjórninni* [2000], dómasafn II-2319, 91. mgr.

⁽⁴⁵⁾ Mál E-6/98, *norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999], EFTA Court Report, 59. mgr., bls. 76; mál C-303/88, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* [1991], dómasafn I-1433, 27. mgr.; sameinuð mál C-278/92 til C-280/92, *Spánn gegn framkvæmdastjórninni* [1994], dómasafn I-4103, 40. mgr.; mál C-280/00, *Altmark Trans og Regierungspräsidium Magdeburg* [2003], dómasafn I-7747, 78. mgr.

Til að meta áhrif á viðskipti þarf Eftirlitsstofnun EFTA ekki að ákvarða raunveruleg áhrif aðstoðarkerfis heldur hvort það sé til þess fallið að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna ⁽⁴⁶⁾. Þannig er hefð fyrir því að túlka skilyrðið um áhrif á viðskipti vítt, þannig að ráðstöfun telst almennt vera ríkisaðstoð ef hún *getur* haft áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna ⁽⁴⁷⁾.

2) Mat á hinu tilkynnta kerfi

Að sögn stjórnvalda í Noregi tekur tilkynnta kerfið til um 75 % þeirra þjónustugreina sem rannsakaðar eru í ECON-skýrslunni og lítils hluta framleiðslugreina, svo og allmargra greina í byggingariðnaði. Samkvæmt tilkynningunni eru engin viðskipti milli EES-ríkjanna í þessum atvinnugreinum, sem eru meira en 200 að tölu, með ýmsum fyrirvörum að því er 13 þeirra varðar. Af þeim sökum telja stjórnvöld í Noregi að tilkynnta kerfið geti ekki talist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

– *ECON-skýrslan og aðferðin sem notuð er til að velja atvinnugreinar sem kerfið nær til*

Hið tilkynnta kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum er byggt á svonefndri ECON-skýrslu sem fylgir tilkynningunni. Þó kemur fram í skýrslunni að hún hafi ekki verið tekin saman til að meta hvort kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum samrýmist EES-samningnum, heldur til að meta samkeppnisfleti ⁽⁴⁸⁾.

Stjórnvöld í Noregi hafa hvorki lagt frekara mat á tilkynninguna né hafa þau lagt fram nánari skilgreiningar á samkeppnisskilyrðum í tengslum við aðra samningsaðila. Þau hafa einfaldlega lýst því yfir að upphafleg hlutföll mismunandi almannatryggingagjalds skuli gilda gagnvart fyrirtækjum í þeim atvinnugreinum sem hafa enga samkeppnisfleti samkvæmt ECON-skýrslunni. Þau hafa ekki lagt fram neinn lagatexta með ákvæðum um beitingu lækkaðra hlutfalla almannatryggingagjalds.

Stjórnvöld í Noregi fallast á að hugsanlega sé ósamræmi í upplýsingum í ECON-skýrslunni um mat á einstökum atvinnugreinum sem „mjög sennilegt er að jafnast út þegar á heildina er litið“ ⁽⁴⁹⁾. Eftirlitsstofnun EFTA getur ekki fallist á þetta sjónarmið. Aðstoðarkerfi verður að vera nógu nákvæmt til að tryggja að beiting reglna þess gagnvart öllum hugsanlegum styrkþegum brjóti ekki gegn reglum EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að aðferðin við að velja atvinnugreinar, sem ekki teljast verða fyrir áhrifum af viðskiptum milli landa, tryggi ekki að aðstoð verði ekki veitt fyrirtækjum sem annast starfsemi sem gæti haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.

Eftirlitsstofnun EFTA dregur í efa áreiðanleika upplýsinganna, sem safnað var fyrir ECON-skýrsluna, einkum að því er varðar þjónustugreinarnar, en þær byggðust í meginatriðum á eigin þekkingu á markaðsaðstæðum og símaviðtölum við úrtak fyrirtækja. Upplýsingarnar, sem safnað var, grundvallast ekki á athugunum og virðast fremur einhliða. Auk þess virðist mega ráða af gögnum, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum, að upplýsingarnar, sem safnað var, hafi ekki verið sannreyndar.

Samkvæmt ECON-skýrslunni telst starfsemi að öllu leyti staðbundin og laus við áhrif af viðskiptum milli EES-ríkjanna ef tveimur skilyrðum er fullnægt: að fyrirtæki í viðkomandi atvinnugreinum taki ekki sjálf þátt í starfsemi yfir landamæri og að starfsemin, sem um ræðir, geti ekki laðað að viðskiptavini frá öðrum stað.

Í ECON-skýrslunni er hins vegar ekki lagt mat á það hvort skilyrðinu um „áhrif á viðskipti“ í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins væri fullnægt ef aðstoð væri veitt fyrirtækjum í atvinnugreinunum sem tilgreindar eru. Einungis er metið hvort bein samkeppni á sér stað í atvinnugreininni eða á viðkomandi svæði. Eins og fram hefur komið útilokar það

⁽⁴⁶⁾ Mál C-298/00, P *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* [2004], dómasafn I-4087, 49. mgr. og mál C-372/97, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* [2004], dómasafn I-3679, 44. mgr.

⁽⁴⁷⁾ Sameinuð mál T-298/97-T-312/97 o.fl., *Alzetta o.fl. gegn framkvæmdastjórninni* [2000], dómasafn II-2319, 76.–78. mgr.

⁽⁴⁸⁾ Liður 1.1 í skýrslunni: „Det inngår imidlertid ikke i formålet til den foreliggende rapport å foreta en vurdering av om den differensierte arbeidsgiveravgiften er i strid med EØS-avtalens bestemmelser. Rapporten er avgrenset til å kartlegge de relevante konkurranseflater.“

⁽⁴⁹⁾ Sjá bls. 2 í bréfi stjórnvalda í Noregi dagsettu 23. apríl 2004 (skjalnr. 279843).

ekki áhrif á viðskipti milli EES-ríkja þótt styrkþegi starfi á staðbundnum markaði. Þó að engir samkeppnisfletir séu fyrir hendi samkvæmt skýrslunni merkir það því ekki að aðstoð til fyrirtækja, sem starfa í þessum atvinnugreinum, geti ekki haft áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

Aðferðin, sem notuð er í ECON-skýrslunni til þess að gera grein fyrir atvinnugreinum og fyrirliggjandi tilkynning um kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum byggir á, er því ekki í samræmi við túlkun á skilyrðinu um „áhrif á viðskipti“ samkvæmt viðtekinni dómafrákvæmd EFTA-dómstólsins og Evrópu dómstólsins, eins og þegar hefur verið nefnt.

– *Kerfið sjálft*

Kerfið, sem tilkynnt hefur verið, tekur til mjög breiðs hóps fyrirtækja af ýmsum gerðum ⁽⁵⁰⁾ með starfsemi m.a. í eftirfarandi atvinnugreinum: skipasmíðum, lagningu hraðbrauta, vega og flugvalla, smíði íþróttamannvirkja, heildsölu og smásölu, pósthjónustu og fjarskiptum, fjármálaþjónustu, bílaleigu, endurskoðun, kvikmyndaframleiðslu og útvarps- og sjónvarpsstarfsemi.

Þegar um ræðir svið, sem falla undir afleidda löggjöf er sett hefur verið til að auka frelsi á innra markaðnum og hafa eftirlit með honum, svo sem fjármálaþjónustu (NACE 65), fjarskipti (NACE 64) o.s.frv., eða svið, sem falla undir sértækar ríkisaðstoðarreglur, t.d. skipasmíðar (NACE 35) ⁽⁵¹⁾, telur Eftirlitsstofnun EFTA almennt að viðkomandi starfsemi sé ekki vernduð gegn viðskiptum milli EES-ríkja.

Farsímafyrirtæki (NACE 64.220), netþjónustuaðilar (NACE 64.230) og boðberaþjónusta önnur en innlend pósthjónusta (NACE 64.120) eru góð dæmi um starfsemi yfir landamæri. Þessi starfsemi er aðallega í höndum fyrirtækja sem starfa á alþjóðavettvangi ⁽⁵²⁾.

Að því er varðar byggingariðnað (NACE 45) verður starfsemi á borð við lagningu hraðbrauta og síkjagerð að vera í höndum afar sérhæfðra stórfyrirtækja sem eiga í samkeppni við önnur fyrirtæki í EES-ríkjunum ⁽⁵³⁾.

Einkum getur aðstoð sem veitt er af ríkisfjármunum oft haft áhrif á viðskipti í sumum hinna tilkynntu atvinnugreinum sem einkennast af afnámi sérleyfa og auknu frelsi.

Þegar hefur verið fjallað um aðrar atvinnugreinar, sem kerfið nær til, í ákvörðunum um ríkisaðstoð þar sem skýrt kemur fram að um áhrif á viðskipti sé að ræða. Þetta á m.a. við um dagblaðaútgáfu (NACE 22), en framkvæmdastjórnin tók ákvörðun um þá atvinnugrein á síðasta ári þar sem eftirfarandi kemur fram: „[...] er um að ræða viðskipti milli aðildarríkja í útgáfustarfsemi sem aðstoðarráðstafanirnar, sem eru til umfjöllunar, varða. Aðstoðarráðstafanirnar, sem eru til umfjöllunar, gætu því raskað samkeppni milli fyrirtækja t.d. að því leyti sem útgáfufyrirtæki geta stundað starfsemi sína í mismunandi aðildarríkjum, gefið út blöð á ólíkum málum og keppt um útgáfurétt og auglýsingar.“ ⁽⁵⁴⁾

Annað dæmi um atvinnugrein, þar sem þegar hafa verið teknar ákvörðanir um ríkisaðstoð sem sýna fram á áhrif á viðskipti, er heildsala (NACE 51) ⁽⁵⁵⁾: „umfang viðskipta með lyf og aðrar skyldar vörur [...] árið 1991 [...] við EES-rikin fjögur (Austurríki, Finnland, Svíþjóð og Noreg) er meira en 2,7 milljarðar ekna.“

⁽⁵⁰⁾ Samkvæmt skýringum stjórnvalda í Noregi í tilkynningunni er gert ráð fyrir að flestar framleiðslugreinar, en þó ekki allar, búi við erlenda samkeppni og geti því ekki nýtt sér þau lækkuðu gjaldhlutföll almannatryggingagjalds sem nú hafa verið tilkynnt. Hins vegar er talið að fyrirtæki í 75 % allra þjónustugreina og mörgum greinum byggingariðnaðarinnar njóti skjóls frá samkeppni og viðskiptum milli EES-ríkja.

⁽⁵¹⁾ Mál C-71/04, *Administración del Estado gegen Xunta de Galicia* [2005] enn óbirt, 47. mgr.

⁽⁵²⁾ Sameinuð mál E-5/04, E-6/04 og E-7/04, *Fesil o.fl. gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [2005], EFTA Court Report, bls. 117, 95. mgr.

⁽⁵³⁾ Ennfremur er engin skýr tilvísun í tilkynningunni til aðferðarinnar sem notuð var til að meta vanda vegna samkeppni í þessari atvinnugrein, þó að fjölmargar undirgreinar í byggingariðnaði hafi verið teknar með í tilkynningunni.

⁽⁵⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30.6.2004 um ráðstafanir sem Ítalía tilkynnti í þágu útgáfustarfsemi.

⁽⁵⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um grískt kerfi aðstoðar í lyfjageiranum, fjármagnað með gjöldum á lyf og skyldar vörur, ríkisaðstoð nr. C1A/92.

Eins og sjá má af dæmunum hér á undan háttar þannig til um fyrirtæki í mörgum atvinnugreinum, sem falla undir þetta kerfi, að þau starfa ekki eingöngu á samkeppnismarkaði heldur eiga í samkeppni við fyrirtæki í öðrum EES-rikkjum. Aðstoð, sem veitt er starfandi fyrirtækjum í þessum atvinnugreinum, mun því hafa áhrif á viðskipti. Kerfið felur þannig í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Í þessu tilliti ber að leggja áherslu á að stjórnvöld í Noregi hafa lagt fram tilkynningu um eitt kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum sem tekur til meira en 200 atvinnugreina, en ekki meira en 200 einstakar tilkynningar, eina fyrir hverja atvinnugrein.

Í bréfi stjórnvalda í Noregi dagsettu 12. nóvember 2004 er vikið að þessu stuttlega: „það er í verkahring Eftirlitsstofnunar EFTA [...] að meta hvort heimilt er að veita tilkynntum atvinnugreinum eða fyrirtækjum aðstoð sem hefur ekki áhrif á viðskipti milli ríkjanna sem aðild eiga að EES-samningnum“⁽⁵⁶⁾. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA tekur kerfi til skoðunar verður hún aftur á móti að meta almenna eiginleika kerfisins í heild til þess að ganga úr skugga um hvort það feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd Evrópudómstólsins gildir eftirfarandi: „þegar um aðstoðarkerfi er að ræða getur framkvæmdastjórnin takmarkað rannsókn sína við almenna eiginleika kerfisins en þarf ekki að skoða sérstaklega hvert einstakt tilvik sem fellur undir það“⁽⁵⁷⁾. EFTA-dómstóllinn hefur einnig fallist á þessa túlkun⁽⁵⁸⁾.

Af þessum sökum verður Eftirlitsstofnun EFTA að meta kerfið í heild. Ef kerfið í heild felur í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins fellur það undir þetta ákvæði. Stofnunin þarf því ekki að sýna með afdráttarlausum hætti að skilyrðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sé fullnægt í hverju einstöku tilviki sem fellur undir kerfið.

Ennfremur er ekki raunhæft⁽⁵⁹⁾, að því er þessa ákvörðun varðar, að skera úr um hvort kerfið sé til þess fallið að hafa áhrif á viðskipti í sérhverri atvinnugrein af þeim rúmlega 200 sem það tekur til. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd verður að tryggja að viðskipti verði ekki fyrir áhrifum að því er varðar einstök fyrirtæki sem geta notið góðs af kerfinu⁽⁶⁰⁾. Eftirlitsstofnun EFTA telur ógerlegt að tryggja að enginn hugsanlegur styrkþegi í meira en 200 tilkynntum NACE-atvinnugreinum verði—eða geti orðið—fyrir áhrifum af viðskiptum í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Ýmsar aðrar atvinnugreinar ná yfir starfsemi sem oft er rekin á staðarvísu. Að því er þessar atvinnugreinar varðar er ekki hægt að útiloka það fyrirfram að viðskipti geti orðið fyrir áhrifum. Sem dæmi má nefna að staðbundnir þjónustuveitendur á borð við þjálfunarstöðvar eða smávöruverslanir, til að mynda matvörumarkaðir, tilheyra oft stærri keðjum sem eiga í samkeppni á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Ennfremur hefur Evrópudómstóllinn nú nýlega úrskurðað að á sviði tannlækninga (NACE 85) séu áhrif á samkeppni fyrir hendi⁽⁶¹⁾, en það er þjónusta sem er að jafnaði veitt staðbundið.

Þó að venjulega hafi verið staðfest að viðskiptaáhrif séu fyrir hendi finnast einnig nokkur raunveruleg dæmi í ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar þar sem tiltekna styrkúthlutanir teljast, við ákveðnar aðstæður, ekki hafa nein áhrif á viðskipti. Þetta á t.d. við í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar um Brighton Pier og sundlaug í Dorsten⁽⁶²⁾. Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um uppbyggingu einkarekinna dagheimila í opinberu húsnæði í Ósló með niðurgreiddum

⁽⁵⁶⁾ Sjá bls. 3 í bréfi stjórnvalda í Noregi dagsettu 12. nóvember 2004 (skjalnr. 299087).

⁽⁵⁷⁾ Mál T-171/02, *Regione autonoma della Sardegna gegn framkvæmdastjórninni* [2005], enn óbirt, 102. mgr.; mál 248/84, *Bysskaland gegn framkvæmdastjórninni* [1987], dómasafn 4013, 18. mgr.; mál C-75/97, *Belgia gegn framkvæmdastjórninni* [1999], dómasafn I-3671, 48. mgr. og mál C-278/00, *Grikkland gegn framkvæmdastjórninni* [2004], dómasafn I-3997, 24. mgr.

⁽⁵⁸⁾ Mál E-6/98, *norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999], EFTA Court Report, 57. mgr., bls. 76.

⁽⁵⁹⁾ Sjá í þessu samhengi álit Geelhoed aðallögmans í máli C-278/00, *Grikkland gegn framkvæmdastjórninni* [2004], dómasafn I-3997, 40. mgr.

⁽⁶⁰⁾ Mál T-171/02, *Regione autonoma della Sardegna gegn framkvæmdastjórninni* [2005], enn óbirt, 104. mgr.

⁽⁶¹⁾ Mál C-172/03, *Wolfgang Heiser gegn Finanzamt Innsbruck* [2005], enn óbirt, 29. og 32. mgr.

⁽⁶²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð N 560/01 og NN 17/02, annars vegar, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 258/2000 hins vegar.

leigukostnaði⁽⁶³⁾ voru áhrif á viðskipti einnig útilokuð. Þessi mál einkennast öll af því að þau varða annaðhvort staka úthlutun aðstoðar eða kerfi með svo skýrum, nákvæmum og ströngum takmörkunum um beitingu þess og hugsanlega styrkþega að hægt er að tryggja að ekki verði veitt stök aðstoð sem gæti haft áhrif á viðskipti.

Í ECON-skýrslunni, sem lögð er til kerfinu til grundvallar, er aðallega fengist við að greina núverandi stöðu ýmissa atvinnugreina í Noregi. Hins vegar þróast efnahagslífið og viðskiptavenjur geta breyst. Þannig er ekki vitað hvernig framtíðarstaðan verður og enn er óvíst hvort niðurstöður ECON-skýrslunnar, sem stjórnvöld í Noregi leggja til grundvallar rökum sínum um að ekki verði um nein áhrif á viðskipti að ræða, eiga við í framtíðinni. Meðan engri endurskoðunartilhögun er til að dreifa til að laga úthlutun aðstoðar að nýjum aðstæðum er ekki hægt að tryggja að aðstoð verði ekki veitt síðar ýmsum fyrirtækjum sem starfa í sumum þeirra skráðu atvinnugreina sem hafa áhrif á viðskipti. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að athuga að tillagan að mismunandi almannatryggingagjaldi er ótakmörkuð í tíma.

Efnisleg umfjöllun um kerfið er ekki nógu ítarleg. Stjórnvöld í Noregi útskýrðu síðast umfang tilkynningarinnar í bréfi sínu dagsettu 12. nóvember 2004 þar sem þau leggja fram athugasemdir um ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn. Í tilkynningunni voru sumar atvinnugreinar ekki taldar búa við samkeppni á einu svæði, þar eð engin fyrirtæki, sem færu yfir frímarkið, væru starfandi í þeim atvinnugreinum á umræddum svæðum. Stjórnvöld í Noregi hafa engu að síður skýrt frá því að þau muni meta þessi fyrirtæki á sama hátt og fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein, sem tilkynnt eru á öðrum svæðum, fari launakostnaður þessa fyrirtækja yfir frímarkið síðar. Þessar atvinnugreinar voru þó ekki taldar með í tilkynningunni eins og hún var lögð fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

Ennfremur er ekki til að dreifa öðrum sértækum viðmiðum til þess að velja styrkhæf fyrirtæki í atvinnugreinum sem taldar eru upp í skránni í ECON-skýrslunni, þar eð tilkynningin vísar eingöngu til atvinnugreina. Skilgreiningin á því hvenær atvinnugrein fullnægir báðum skilyrðunum til þess að fá lækkun á almannatryggingagjaldi, þ.e. um staðsetningu og atvinnustarfsemi, er að mati Eftirlitsstofnunar EFTA of víðtæk. Samkvæmt ofangreindum ákvörðunum um kerfi sem teljast fela í sér aðstoð verður kerfi að hafa að geyma nákvæm og skýr viðmið⁽⁶⁴⁾ til þess að tryggja meggi að ekkert fyrirtæki fái aðstoð sem gæti haft áhrif á viðskipti milli EES-rikkjana.

Á grundvelli upplýsinganna frá stjórnvöldum í Noregi telur Eftirlitsstofnun EFTA því að fyrirhugað kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum sé til þess fallið að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

b) Niðurstaða

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA sú að hið tilkynnta kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum fyrir fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

5. Samræmi við gildandi reglur

Í tilkynningu stjórnvalda í Noregi kom fram það sjónarmið að tillagan að mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum fæli ekki í sér ríkisaðstoð. Að undangengnu bráðabirgðamati á kerfinu ákvað Eftirlitsstofnun EFTA að hefja formlega málsmeðferð þar eð ekki væri aðeins alvarlegur grunur um að kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum fæli í sér ríkisaðstoð heldur væri einnig vafasamt að það samrýmdist reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð. Þrátt fyrir efasemdirnar, sem stofnunin lýsti í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, hafa stjórnvöld í Noregi ekki fært nein rök fyrir því að kerfið samrýmist gildandi reglum.

⁽⁶³⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 291/03/COL frá 18. desember 2003 varðandi uppbyggingu einkarekinnna dagheimila í opinberu húsnæði í Ósló með niðurgreiddum leigukostnaði.

⁽⁶⁴⁾ Álit Geelhoed aðallögmanns í máli C-278/00, *Grikkland gegn framkvæmdastjórninni* [2004], dómasafn I-3997, 45.–46. mgr.

Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA er ekki hægt að beita undanþágum, sem um getur í 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins, í málinu sem hér er til umfjöllunar.

Þá verður ekki talið að kerfi lækkaðra hlutfalla almannatryggingagjalds samrýmist ákvæðum 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Lækkun rekstrargjalda fyrirtækis, t.d. almannatryggingagjalds, felur í sér rekstraraðstoð. Það er grundvallarregla að bannað er að veita slíka aðstoð til fyrirtækja í tilteknum héruðum.

Ekki er hægt að meta lækkuð hlutföll almannatryggingagjalds með tilliti til a-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar sem ekkert norskt hérað fullnægir skilyrðum þess ákvæðis, sem tilskilur óvenju bágborin lífskjör eða mikið atvinnuleysi.

Lækkuð hlutföll almannatryggingagjalds stuðla ekki að framkvæmd mikilvægs sameiginlegs evrópsks hagsmunamáls og ráða ekki bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi ríkis eins og krafist er til þess að aðstoð geti talist samrýmast gildandi reglum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Að því er varðar c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins kom fram í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 218/03/COL frá 12. nóvember 2003 um ríkisaðstoð sem er fólgin í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum að það samrýmdist hvorki c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins né ákvæðum Leiðbeininga um ríkisaðstoð að stjórnvöld í Noregi héldu áfram að beita kerfinu. Fyrir fyrirtæki á svæðum 2, 3 og 4, sem starfa í atvinnugreinunum sem tilgreindar eru í tilkynningunni, felur hin tilkynnta ráðstöfun í sér endurinnleiðingu reglna sem Eftirlitsstofnun EFTA taldi árið 2002 ósamrýmanlega aðstoð sem gæti ekki fengið undanþágu skv. c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Tilkynnta kerfið hefur sömu meginéinkenni og kerfið sem var efni fyrri ákvörðunar stofnunarinnar. Eini munurinn er að kerfið, sem nú er tilkynnt, hefur þrengra gildissvið sem takmarkast við fyrirtæki í fleiri en 200 tilgreindum atvinnugreinum. Í samræmi við ofangreinda ákvörðun staðfestir Eftirlitsstofnun EFTA fyrra mat sitt að beiting mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum samrýmist ekki reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

6. Niðurstaða

Á grundvelli ofangreinds mats telur Eftirlitsstofnun EFTA að hið tilkynnta kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum í tilteknum atvinnugreinum feli í sér ríkisaðstoð sem sé ósamrýmanleg reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur undir höndum, hefur hinu tilkynnta kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum í tilteknum atvinnugreinum ekki enn verið hrundið í framkvæmd, þ.e. engin aðstoð hefur verið greidd hugsanlegum styrkþegum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Tillaga um fyrirhugað kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum fyrir fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum, sem stjórnvöld í Noregi áforma að hrinda í framkvæmd, felur í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Tillagan er ósamrýmanleg 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Tillögu um fyrirhugað kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum fyrir fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum skal ekki hrundið í framkvæmd.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

4. gr.

Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2005.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Einar M. Bull

forseti

Kurt Jäger

stjórnarmaður

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2008/EES/25/05

frá 14. desember 2007

í máli E-3/07

Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum—tilskipun 2002/88/EB sem varðar aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum)

Hinn 14. desember 2007 felldi dómstóllinn dóm í máli E-3/07, Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því gera ekki innan tilskilins tíma, eða tilkynna ekki Eftirlitsstofnun EFTA að gerðar hafi verið, þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna lögleiðingar gerðarinnar sem um getur í öðrum undirlið liðar 1a í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/88/EB frá 9. desember 2002 um breytingu á tilskipun 97/68/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 2. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Henrik Bull (framsögumaður) og Þorgeir Örlygsson. Dómsorðin eru svofelld:

1. Með því að gera ekki innan tilskilins tíma þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna lögleiðingar gerðarinnar sem um getur í öðrum undirlið liðar 1a í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/88/EB frá 9. desember 2002 um breytingu á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hefur íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 2. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Íslenska ríkið greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2008/EES/25/06****frá 14. desember 2007****í máli E-5/06****Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein**

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum—1. mgr. og 2. mgr. a í 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71—almannatryggingabætur og sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur—réttaráhrif II. viðauka a við reglugerð (EBE) nr. 1408/71, sem hefur að geyma skrá um sérstakar bætur sem eru ekki iðgjaldsskyldar—ákvörðun EES-ráðsins nr. 1/95 um gildistöku EES-samningsins að því er varðar Liechtenstein)

Hinn 14. desember 2007 felldi dómstóllinn dóm í máli E-5/06, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein—Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Furstadæmið Liechtenstein hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. 1. og 2. mgr. 19. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið VI. viðauka við EES-samninginn, þ.e. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Henrik Bull (framsögumaður) og Þorgeir Örlygsson. Dómsorðin eru svofelld:

1. Með því að gera búsetu í Liechtenstein að skilyrði fyrir því að geta átt rétt á bjargarleysisbótum hefur Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar skv. 1. og 2. mgr. 19. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið VI. viðauka við EES-samninginn, þ.e. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn.
2. Furstadæmið Liechtenstein greiði málskostnað.

Beiðni Borgarting lagmannsrett um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Olga Rindal gegn undanþágu- og áfrýjunarnefnd vegna meðferðar erlendis fyrir hönd norska ríkisins **2008/EES/25/07**
(Mál E-11/07)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf frá Borgarting lagmannsrett (Áfrýjunardómi Borgarþings) dagsett 14. desember 2007, sem barst málaskrá dómstólsins 19. september 2007, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Olga Rindal gegn undanþágu- og áfrýjunarnefnd vegna meðferðar erlendis fyrir hönd norska ríkisins, að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Samrýmist það ákvæðum 36. og 37. gr. EES-samningsins og 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 að synja um endurgreiðslu á kostnaði við lækni meðferð, sem fer fram erlendis og verður að teljast tilraun meðferð samkvæmt viðteknum alþjóðlegum viðhorfum í lækni fræði, á þeim forsendum að réttur til slíkrar meðferðar sé ekki fyrir hendi í heimaríkinu?
2. Skiptir það máli um svar við 1. spurningu að sjálf aðferðin, sem notuð er, nýtur viðurkenningar á alþjóðavettvangi og er skjalfest, en þó aðeins vegna annarra lækni fræðilegra ábendinga en þeirra sem eiga við viðkomandi sjúkling?
3. Samrýmist það ákvæðum 36. gr. EES-samningsins að synja um endurgreiðslu á kostnaði við sjúkrahúss meðferð erlendis þegar sjúklingi stendur til boða í heimaríkinu lækni meðferð sem telst fullnægjandi samkvæmt matsaðferðum sem njóta alþjóðaviðurkenningar og er veitt innan tímamarka sem teljast verjandi á lækni fræðilegum grundvelli?

Skiptir það máli um svar við 3. spurningu hvort synja má um endurgreiðslu á slíkum útgjöldum enda þótt meðferðin, sem fer fram erlendis, sé talin geta verið betri en meðferð sem er fánleg í heimaríkinu?

4. Skiptir það máli um svör við ofangreindum spurningum hvort
 - a) meðferðin, sem fer fram erlendis, stendur í reynd ekki til boða í heimaríkinu?
 - b) sjúklingurinn hefur í reynd ekki átt kost á meðferðinni í heimaríkinu, enda þótt hún standi til boða þar?
 - c) sjúklingurinn hefur verið metinn í heimaríkinu en honum neitað um frekari lækni meðferð á þeim forsendum að meðferðin muni ekki nýtast honum?
 - d) meðferðin, sem fór fram erlendis, færði hlutaðeigandi sjúklingi í reynd betri heilsu?

Beiðni Oslo tingrett um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Therese Slinning 2008/EES/25/08
gegn undanþágu- og áfrýjunarnefnd vegna meðferðar erlendis fyrir hönd norska
ríkisins

(Mál E-1/08)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf frá Oslo tingrett (Héraðsdómi Óslóar) dagsett 16. janúar 2008, sem barst málaskrá dómstólsins 21. janúar 2008, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Therese Slinning gegn undanþágu- og áfrýjunarnefnd vegna meðferðar erlendis fyrir hönd norska ríkisins, að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Samrýmist það ákvæðum 36. og 37. gr. EES-samningsins og 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 að synja um endurgreiðslu á kostnaði við lækni meðferð, sem fer fram erlendis og verður að teljast tilraun meðferð samkvæmt viðteknum alþjóðlegum viðhorfum í lækni fræði, á þeim forsendum að réttur til slíkrar meðferðar sé ekki fyrir hendi í heimaríkinu?
2. Skiptir það máli um svar við 1. spurningu að líta verður svo á að aðferðin, sem viðkomandi lækni meðferð byggist á, sé veitt í heimaríkinu eða til athugunar er að heimaríkið taki að veita hana síðar?
3. Samrýmist það ákvæðum 36. gr. EES-samningsins að synja um endurgreiðslu á kostnaði við sjúkra-húss meðferð erlendis þegar sjúklingi stendur til boða í heimaríkinu lækni meðferð sem telst fullnægjandi samkvæmt matsaðferðum sem njóta alþjóðaviðurkenningar og er veitt innan tímamarka sem teljast verjandi á lækni fræðilegum grundvelli?

Skiptir það máli um svar við þessari spurningu að

- a) synja má um endurgreiðslu á slíkum útgjöldum enda þótt meðferðin, sem fer fram erlendis, sé talin geta verið betri en meðferð sem er fáanleg í heimaríkinu?
 - b) hafi sjúklingur ákveðið að gangast undir meðferð erlendis fremur en að þiggja fullnægjandi meðferð í heimaríkinu á hann ekki kost á endurgreiðslu á kostnaði við meðferð erlendis til jafns við það sem meðferð í heimaríkinu hefði kostað?
4. Skiptir það máli um svör við ofangreindum spurningum hvort
 - a) sjúklingurinn hefur í reynd ekki átt kost á meðferðinni í heimaríkinu þannig að fullnægjandi geti talist?
 - b) meðferðin, sem fór fram erlendis, færði hlutaðeigandi sjúklingi í reynd betri heilsu?

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2008/EES/25/09****frá 21. febrúar 2008****í máli E-5/07****Private Barnehagers Landsforbund gegn Eftirlitsstofnun EFTA**

(Krafa um ógildingu ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA—dagvistarstofnanir á vegum sveitarfélaga—ríkisaðstoð—hugtakið fyrirtæki—ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum—upphaf formlegrar rannsóknar—málssóknarréttur)

Hinn 21. febrúar 2008 felldi dómstóllinn dóm í máli E-5/07, Private Barnehagers Landsforbund gegn Eftirlitsstofnun EFTA—Krafa þess efnis að dómstóllinn felli úr gildi ákvörðun 39/07/COL frá 27. febrúar 2007 um opinbera fjármögnun dagvistarstofnana á vegum sveitarfélaga í Noregi—Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti og framsögumaður, og Þorgeir Örlygsson og Björg Ven, sérskipaður dómari. Dómsorðin eru svofelld:

DÓMSTÓLLINN

fellir hér með eftirfarandi dóm:

1. Kröfunni er vísað frá.
2. Sóknaraðili greiði málskostnað varnaraðila.

Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn íslenska ríkinu sem lögð var fram 21. febrúar 2008 2008/EES/25/10
(Mál E-2/08)

Hinn 21. febrúar 2008 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur íslenska ríkinu; í fyrirvari Niels Fenger og Florence Simonetti, fulltrúar stofnunarinnar.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi því yfir að með því að gera ekki, eða tilkynna ekki Eftirlitsstofnun EFTA að gerðar hafi verið, þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna lögleiðingar gerðarinnar sem um getur í lið 1a í XXIV. kafla II. viðauka samninginn um Evrópskt efnahagssvæði (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/26/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofitegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum*), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Dómstóllinn geri íslenska ríkinu að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:

- Málið, sem hér liggur fyrir, snýst um að tilskipun á sviði umhverfisverndar hafi ekki verið leidd í lög.
- Eftirlitsstofnun EFTA telur að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki lagt fram nein gögn um að tilskipunin hafi verið leidd í íslensk lög.
- Eftirlitsstofnun EFTA telur að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki andmælt því að tilskipunin hafi ekki verið leidd í lög.

Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA gegn íslenska ríkinu sem lögð var fram 21. febrúar 2008 **2008/EES/25/11**
(Mál E-3/08)

Hinn 21. febrúar 2008 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur íslenska ríkinu; í fyrirvari Niels Fenger og Florence Simonetti, fulltrúar stofnunarinnar.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að með því að gera ekki þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að leiða gerðina, sem um getur í lið 12u í XV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópskt efnahags-svæði (*reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni*), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í landslög innan tilskilins tíma hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Dómstóllinn geri íslenska ríkinu að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsvik og lagarök til stuðnings kærinni:

- Málið, sem hér liggur fyrir, varðar EB-reglugerð um þvotta- og hreinsiefni.
- 7. gr. EES-samningsins hljóðar svo:
„Gerðir, sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:
 - a) *Gerð, sem samsvarar reglugerð EBE, skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila.*
 - b) *Gerð, sem samsvarar tilskipun EBE, skal veita yfirlöndum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.“*
- Eftirlitsstofnun EFTA telur að íslenska ríkið hafi ekki tekið reglugerðina upp í landsrétt innan tilskilins tíma.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4989 – Álö/MX)

2008/EES/25/12

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Álö Intressenter AB („Álö“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í franska fyrirtækinu Mailleux S.A.S. („MX“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Álö: þróar, framleiðir og selur framhleðslubúnað á landbúnaðardráttarvélur og tilheyrandi aukabúnað
 - MX: þróar, framleiðir og selur framhleðslubúnað á landbúnaðardráttarvélur og tilheyrandi aukabúnað, auk annars konar vinnu- og lyftibúnaðar á landbúnaðardráttarvélur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 114, 9. maí 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4989 – Álö/MX, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5047 – REWE/ADEG)

2008/EES/25/13

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Billa AG, sem tilheyrir REWE-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í austurríska fyrirtækinu ADEG Österreich Handelsaktiengesellschaft („ADEG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - REWE: heildsölu- og smásöluverslun með matvæli og aðrar vörur, ferðaþjónusta
 - ADEG: heildsölu- og smásöluverslun með matvæli og aðrar vörur
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 7. maí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5047 – REWE/ADEG, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5075 – Vienna Insurance Group/EBV)

2008/EES/25/14

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Wiener Städtische Versicherung AG Vienna Insurance Group („Vienna Insurance Group“) öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í austurríska fyrirtækinu Sparkassen Versicherung („s-Versicherung“), rúmensku fyrirtækjunum BCR Asigurari de Viata S.A. („BCR Life“) og BCR Asigurari S.A. („BCR Non-life“), tékkneska fyrirtækinu Pojišťovna České spořitelny, a.s. („PCS“), slóvaska fyrirtækinu Poist'ovňa Slovenskej sporitel'ne, a.s. („P-SLSP“) og ungerska fyrirtækinu Erste Sparkasse Biztosító Zártkörűen Működő Részvénytársaság („ESB“) (einu nafni „EBV“) sem eru nú undir yfirráðum hins austurríska Erste Bank der oesterreichischen Sparkassen AG („EB“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Vienna Insurance Group: líftryggingar og aðrar tryggingar í Austurríki og ríkjum Mið- og Austur-Evrópu
 - s-Versicherung: líftryggingar og aðrar tryggingar í Austurríki
 - BCR Life: líftryggingar í Rúmeníu
 - BCR Non-life: tryggingar, aðrar en líftryggingar, í Rúmeníu
 - PCS: líftryggingar í Tékklandi
 - P-SLSP: líftryggingar í Slóvakíu
 - ESB: líftryggingar í Ungverjalandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 7. maí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5075 – Vienna Insurance Group/EBV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5088 – Scholz Recycling/ERG/ESR)**

2008/EES/25/15

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin Scholz Recycling GmbH, sem tilheyrir Scholz-samsteypunni, og EKO Recycling GmbH, sem tilheyrir ArcelorMittal-samsteypunni, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu EKO Schrottreycling GmbH.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Scholz Recycling GmbH: söfnun og vinnsla brotamálms og viðskipti með hann
 - EKO Recycling GmbH: viðskipti með brotamálm í Þýskalandi
 - ArcelorMittal-samsteypa: stálframleiðsla um allan heim
 - EKO Schrottreycling GmbH: rekstur brotajárnstöðva í Cottbus og Eisenhüttenstadt í Þýskalandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 7. maí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5088 – Scholz Recycling/ERG/ESR, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5094 – Nokia/Trolltech)

2008/EES/25/16

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem finnska fyrirtækið Nokia Corporation („Nokia“) öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 28. janúar 2008, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í norska fyrirtækinu Trolltech ASA.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Nokia: tækjabúnaður, lausnir og þjónusta á sviði fjarskiptaneta
 - Trolltech ASA: þróun og sala búnaðar til hugbúnaðarþróunar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 7. maí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5094 – Nokia/Trolltech, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5122 – ArcelorMittal/ Borusan)**

2008/EES/25/17

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið ArcelorMittal SA og tyrkneska fyrirtækið Borusan Holdings AS („Borusan“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ArcelorMittal SA: stálframleiðsla um allan heim
 - Borusan: stálframleiðsla, vörudreifing, birgða- og flutningaþjónusta, fjarskipti
 - Sameiginlega fyrirtækið: framleiðsla á heitvölsuðum stálræmum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 113, 8. maí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5122 – ArcelorMittal/ Borusan, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5151 – Boeing/Alenia NA/GA)**

2008/EES/25/18

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin The Boeing Company („Boeing“) og Alenia North America Inc („Alenia NA“), sem tilheyrir ítölsku samsteypunni Finmeccanica, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Global Aeronautica LLC („GA“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Boeing: framleiðsla á loftförum til almennra nota, hergögnum og búnaði til geimferða, skyld þjónusta
 - Alenia NA: loftför og flugvélagrindur
 - GA: forsamsetning flugvélagrinda, einkum hluta flugvélarbola fyrir Boeing 787
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 113, 8. maí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5151 – Boeing/Alenia NA/GA, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5167 – EMC/Iomega)

2008/EES/25/19

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. apríl 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið EMC Corporation öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Iomega Corporation.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EMC: gagnavörslu-, gagnaöryggis- og gagnabestunarlausnir fyrir fyrirtæki sem vinna með afar mikið magn af gögnum
 - Iomega: framleiðsla á léttum rafeindagagnageymslum fyrir almennan markað og smáfyrirtæki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 113, 8. maí 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5167 – EMC/Iomega, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2008/EES/25/20**
(Mál COMP/M.4784 – Suez Environnement/SITA)

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. apríl 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M4784. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2008/EES/25/21**
(Mál COMP/M.4979 – Acer/Packard Bell)

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. febrúar 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

